





# EFNI BLAÐSINS



## Vernd heimildarmanna

- 4** Birgir Guðmundsson:  
Þörf á átaki varðandi vernd heimildarmanna
- 7** Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson:  
Vernd heimildarmanna og íslensk löggjöf

## Félagið

- 10** Sigurður Bogi Sævarsson og  
Birgir Guðmundsson:  
110 ára afmæli BÍ fagnað  
Auka veg heiðvirðrar blaðamennsku
- 13** Sunna Gunnars Marteinsdóttir og  
Sigrún Lilja Guðjónsdóttir:  
Ferð fjölmiðlafræðinemenda HÍ til  
Washington DC
- 14** Birgir Guðmundsson:  
Smásagan og Jón Ólafsson  
Saga um blaðamennsku
- 15** Smásaga frá Bandaríkjunum:  
Fjárnám
- 21** Arna Schram:  
Til varnar blaðamennsku

## Úrskurðir

- 22** Úrskurðir siðanefndar

**Útgefandi:** Blaðamannfélag Íslands

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**

Birgir Guðmundsson (birgig@unak.is).

**Prófarkalestur:** Bragi V. Bergmann (bragi@fremri.is)

**Útlitshönnun:** Ásprent

**Prentun:** Ásprent

**Skrifstofa Blaðamannafélagsins**

er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155

Bréfsími 553-9177

Netfang **bi@press.is**

Heimasíða BÍ **www.press.is**

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 10.00-15.00.

Starfsmenn BÍ í hlutastarfi eru Hjálmar Jónsson,  
frankvæmdastjóri og Svanhildur Karlsdóttir, bókari.



## Forsíðumyndin

Myndin er frá því þegar handhöfum blaðamannaskírteina 1-10 var afhent bókin Íslenskir blaðamenn á afmælisfagnaði Blaðamannafélagsins.

Mynd: -sbs

# Heimildarmenn og afmæli

Í nýlegri skýrslu sem samtökin Privacy International hafa sent frá sér kemur fram að rétti fjölmiðlamanna til að vernda heimildarmenn sína er víða ógnað í heiminum í dag. Skýrslan byggir á samanburðarrannsókn í 150 löndum og kemur þar fram að víðast hvar eru fyrir hendi lagaákvæði sem tryggja þennan grundvallarrétt blaðamanna, og þar sem ekki eru til staðar slík formleg lagaákvæði er þessi réttur virtur í gegnum venjurétt og dómafordæmi. Varla þarf að fjölyrða um mikilvægi þessa réttar fyrir frjálsa og óháða blaðamennsku og möguleika fjölmiðla til að sinna varðhunds- hlutverki sínu og veita stjórnvöldum af öllu tagi öflugt aðhald. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur ítrekað undirstrikað þetta atriði og bent á hvernig skerðing þessa réttar getur leitt til „kælingar“ eðlilegrar umræðu – í raun komið í veg fyrir að mikilvægar upplýsingar komist í umræðuna. Hér er því um grundvallaratriði að ræða sem skiptir sköpum fyrir tjáning- arfrelsið.

Alþjóða blaðamannasambandið hefur þó lýst áhyggjum vegna sumra niðurstaðna í skýrslu Privacy International, en þar kemur nefnilega fram að þrátt fyrir að formlega sé rétturinn til verndar heimildarmanna tryggður þá sé þessum rétti ógnað með því að ýmsar aðrar leiðir eru færar til að komast að því hver heimildarmaðurinn er. Þannig hafa stjórnvöld á um- liðnum misserum fengið auknar heimildir til ýmiss konar eftirlits- og nýjónastarfsemi, m.a. vegna stríðsins gegn hryðjuverkum. Samhliða hefur magnast sú tilhneiging að krefja blaðamenn um að rjúfa trúnað við heimildarmenn sína. Þetta sést m.a. á mörgum nýlegum dæmum um fangelsanir og dómkvaðningar blaðamanna af þessu tilefni.

Svo virðist sem þessi þróun eigi ekki síður við hér á Íslandi en í mörg- um nágrannalöndum okkar. Í athyglisverðri grein sem byggir á nýrri kandiðatsritgerð í lögræði eftir Þorvald Þorsteinsson um lagalegt um- hverfi og stöðuna hér á landi varðandi vernd heimildarmanna, kemur einmitt fram að litlar sem engar tryggingar eru fyrir því hér á landi að stjórnvöld fari ekki bakdyraleiðina að heimildarmönnum fjölmiðlamanna.

Hér er þörf að staldra við og huga að hvert stefnir. Út á það ganga til mælin frá Alþjóðasambandi blaðamanna og ljóst er að þau tilmæli hljóta íslenskir blaðamenn og aðrir unnendur lýðræðislegrar umræðu að taka mjög alvarlega ekki síður en kollegar þeirra í útlöndum.

En það er ekki bara samhengi í landfræðilegu rúmi milli hagsmuna og baráttumála blaðamanna víða um heim. Samhengið er ekki síður í tíma. Blaðamannafélagið fagnar í ár 110 ára afmæli sínu og mörg þau mál sem upphafsmenn félagsins fjölluðu um eru enn á dagskrá í dag. Á afmælisári hefur B.Í. tekið þátt í evrópsku átaki „til varnar blaðamennsku“ þar sem reynt er að slá skjaldborg um ýmis sígild gildi blaðamennskunnar. Í blaðinu að þessu sinni er óvenjuleg áminning um að sjálfstæði ritstjórna var ekki síður eitt þessara sígildu gilda fyrir 110 árum en það er í dag. Birt er smásagan „Fjárnám“, sem Jón Ólafsson ritstjóri og fundarboðandi á stofnfund Blaðamannafélags Íslands í nóvember 1897, þýddi og birti í blaði sínu Nýja öldin, daginn eftir stofnfund B.Í. Þó tímarnir séu nú allt aðrir, þá er kjarninn enn sá sami.

Birgir Guðmundsson

## Stjórn BÍ:

Arna Schram, formaður  
Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, varaformaður  
Arndís Þorgeirsdóttir, gjaldkeri  
Sigurður Már Jónsson, ritari  
Svavar Halldórsson  
Elva Björk Sverrisdóttir  
Svanborg Sigmarsdóttir

## Varamenn:

Albert Örn Eypórsson  
Sólveig Bergmann  
Þorvaldur Örn Kristmundsson

## Samningaráð:

Arna Schram, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir,  
Hjálmar Jónsson, Mbl., Lilly Valgerður Pétursdóttir,  
Svanborg Sigmarsdóttir, Ásta Andrésdóttir,  
og Þorvaldur Ö. Kristmundsson

## Varamenn:

Egill Ólafsson, Fríða Björnsdóttir,  
og Jakob Bjarnar Grétarsson

## Dómnefnd Blaðamannaverðlauna:

Birgir Guðmundsson formaður, Kristín Þorsteinsdóttir,  
Jóhannes Tómasson, Lúðvík Geirsson,  
og Sigríður Árnadóttir

## Stjórn Styrktarsjóðs:

Hjálmar Jónsson, Arndís Þorgeirsdóttir,  
Lilly Valgerður Pétursdóttir

## Varamenn:

Fríða Björnsdóttir, Guðni Einarsson,  
Eiríkur St. Eiríksson

## Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum

### Morgunblaðið:

Guðni Einarsson, Kristín Heiða Kristinsdóttir  
og Hjálmar Jónsson

### Fréttablaðið:

Klemens Ólafur Þrastarson

### DV:

Kolbeinn Þorsteinsson

### Stöð 2 og Vísir:

Lilly Valgerður Pétursdóttir og  
Gunnar Reynir Valþórsson

### Blaðið:

Ingólfur Júlíusson

### Viðskiptablaðið:

Guðjón Guðmundsson

### 24 stundir:

Albert Örn Eypórsson

### Birtingur:

Ásta Andrésdóttir

## Orlofs- og menningarsjóður:

Fríða Björnsdóttir, formaður  
Hilmar Karlsson, varaformaður  
Lúðvík Geirsson, ritari

## Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson

## Endurskoðendur:

Sigtryggur Sigtryggsson  
Sigurður Hreiðar Hreiðarsson

## Siðanefnd:

Kristinn Hallgrímsson, lög., formaður  
Hjörtur Gíslason, blm., varaformaður  
Sigurveig Jónsdóttir, fyrrv. fréttastjóri  
Brynhildur Ólafsdóttir, fulltrúi útgefenda  
Salvör Nordal, fulltrúi Siðanefndar H.Í.

## Varamenn eru:

Jóhannes Tómasson  
Valgerður Jóhannsdóttir  
Þór Jónsson

# Þörf á átaki varðandi vernd heimildarmanna

## Ný skýrsla frá Privacy International tekur undir áhyggjur Alþjóðasambands blaðamanna.

Í haust kom út athyglisverð skýrsla á vegum sjálfstæðra samtaka, Privacy International, um möguleika blaðamanna á að vernda heimildarmenn sína. Skýrslan sem unnin var í samvinnu og samráði við Alþjóðasamband blaðamanna hefur vakið mikla athygli, en skýrslan nær til um 150 landa og kortleggur formleg réttarúrræði og lagaákvæði sem til staðar eru til að tryggja þann grundvallarrétt fjölmiðlanna, að geta verndað heimildarmenn sína. Það hefur ekki síst vakið athygli að ýmsar niðurstöður skýrslunnar virðast staðfesta þá tilfinningu og þá tilhneigingu sem Alþjóðasamtökin og Evrópusamtök blaðamanna telja sig hafa fundið fyrir, að möguleikar til verndar heimildarmanna séu að þrengjast í mörgum hefðbundnum lýðræðisríkjum.

Í framhaldi af útkomu skýrslunnar ákváðu bæði Alþjóða- og Evrópusambandið að senda frá sér yfirlýsingu þar sem varað er við auknum afskiptum yfirvalda af fjölmiðlum og tilhneigingu til að ganga á rétt fjölmiðlamanna til að vernda heimildarmenn sína. Aidan White, framkvæmdastjóri beggja sambandanna segir að orðið hafi vart óviðunandi afskipta yfirvalda af því hvaða efni sé birt í fjölmiðlum. „Öryggisþjónusta og lögregla hafa í vaxandi mæli verið að fylgjast með og reyna að afhjúpa heimildarmenn blaðamanna,“ segir White. Hann segir jafnframt að það

séu stöðugt að koma fram fleiri sannanir fyrir kerfisbundnum símhlerunum hjá blaðamönnum og margt af því fari ekki eftir hefðbundnum réttarreglum heldur sé beitt sérstökum ákvæðum sem sett hafa verið vegna stríðsins gegn hryðjuverkum eða þá til að verjast ólöglegum innflytjendum.

Í rannsókninni sem Privacy International vann kemur fram að víðast hvar í heiminum er að finna formlega lagalega viðurkenningu á réttinum til að vernda heimildarmenn, en á mörgum stöðum hins vegar – þar á meðal í gamalgrónum lýðræðisríkjum – sé hinum raunverulega rétti til verndar heimildarmanna þó ógnað.

Í u.þ.b. 100 löndum hafa verið sett sérstök lög um vernd heimildarmanna, sem heimila blaðamönnum að virða trúnað við heimildarmenn og gefa ekki upp hverjir þeir eru. Í fjölda réttarkerfa hins vegar er þessi trúnaður takmarkaður og dregið úr gildi hans, t.d. með reglubundnum húsleitarheimildum hjá fjölmiðlum eða fjölmiðlafólki. Þetta er algengara en ætla mætti þar sem mjög fá lönd eru með sérstök ákvæði sem taka sérstaklega til og draga fram sérstöðu húsleita hjá fjölmiðlum. Þá kemur það fram í rannsókninni, að vægi hinnar formlegu lagalegu verndar er takmarkað, af því að mikið er farið að beita ólöglegum eftirlits- og nýsnaaðferðum.

Þessi niðurstaða kemur mjög vel heim og saman við reynslu Alþjóðasambands blaðamanna sem segir að aukning hafi orðið í áreitni gagnvart blaðamönnum og takmörkun á rétti þeirra til að vinna störf sín án þess að

vera undir stöðugu eftirlitsauga stjórnvalda. Dæmi um þetta hafa komið upp á undanförunum misserum í Hollandi, Danmöku, Þýskalandi, Portúgal, Bandaríkjunum og víðar. Þar hafa blaðamenn lent í fangelsi og verið færðir fyrir dómstóla vegna þess að þeir hafa ekki viljað gefa upp heimildarmenn sína.


Í skýrslu Privacy International, sem unnin er af David Banisar, er farið kerfisbundið yfir heildarástandið í heiminum og eins einstök svæði. Skýrsluhöfundar hefja skýrsluna á kynningu eða samantekt og enda hana síðan á tillögum til úrbóta. Hér á eftir fer lausleg þýðing á þessum tveimur köflum skýrslunnar, en vilji menn nálgast skýrsluna í heild sinni þá er hún á rafrænu formi á slóðinni: [http://www.privacyinternational.org/article.shtml?cmd\[347\]=x-347-558384](http://www.privacyinternational.org/article.shtml?cmd[347]=x-347-558384)

## Samantekt skýrslu

Hér á eftir fer inngangsfirlit eða samantekt skýrsluhöfunda:

Vernd heimildarmanna blaðamanna er grundvallaratriði til að tryggja eðlilegt flæði upplýsinga milli fjölmiðla og almennings.

Rétturinn til að vernda heimildarmenn er vel þekktur og viðurkenndur í þjóðarétti. Þannig er hann viðurkenndur sérstaklega af Sameinuðu þjóðunum, Evrópuráðinu, Samtökum ríkja í Ameríku, Afríkusambandinu og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur auk þess mörgum sinnum sagt að



Kortið sýnir stöðu mála varðandi lagalega vernd réttarins til að vernda heimildarmenn. Rauði liturinn sýnir ríki þar sem sérstök lög eða stjórnarskrá verja þennan rétt. Gulí liturinn sýnir ríki þar sem þessi réttur er varinn í gegnum dómafordæmi eða venjurétt. Hvítí liturinn sýnir ríki þar sem engin vernd er til staðar.

Þessi réttur sé grundvallarpáttur í tjáningarfrelsinu.

Stór hluti þjóða heimsins viðurkennir nú rétt blaðamanna til að vernda heimildarmenn. Um 100 lönd hafa samþykkt löggjöf í þessu skyni, sem er þá að finna annað hvort í sérstökum lögum eða í stjórnarskrám. Í að minnsta kosti 20 löndum er þessi réttur skilyrðislaus. Mörg lönd til viðbótar viðurkenna þennan rétt í raun í gegnum dómafordæmi eða venjurétt, sem tengist þá stjórnarskrárákvæðum um tjáningarfrelsi.

Sá skilningur hefur breiðst út að það sé þörf fyrir formleg lagaleg ákvæði til að vernda þennan rétt. Á undanförunum nokkrum árum hafa ýmis ríki sett slík lög, þar á meðal Belgía, Mexíkó, Sviss, Nýja Sjáland, Ástralía, Angóla, Lúxemborg og El Salvador. Bandaríkin, Kanada og Írland eru hins vegar sér á báti meðal lýðræðisríkja hvað þetta varðar og viðurkenna ekki sjálfkrafa réttinn til verndar heimildarmanna.

Í flestum löndum þar sem þessi réttur er lögverndaður, er afar sjaldgæft að

þess sé krafist að blaðamenn rjúfi trúnað að við heimildarmenn sína. Þessum rétti virðist miklu frekar ógnað í þeim réttarkerfum þar sem ekki eru sérstök lög um þessa hluti. Í Bandaríkjunum hafa á síðustu árum margir blaðamenn verið fangelsaðir í lengri og skemmri tíma fyrir að neita að rjúfa trúnað við heimildarmenn. Þetta hefur líka gerst í Hollandi, Ástralíu og Kanada

Þá er það talsvert algengt að í réttarkerfum þar sem lagaleg vernd er til staðar, sé réttinum til verndar heimildarmanna ógnað með viðtækri notkun húsleitarheimilda hjá fjölmiðlum. Mjög fá ríki hafa sérstök varnarákvæði fyrir fjölmiðla gagnvart húsleitarheimildum. Þetta virðist vera viðvarandi vandamál í Evrópu, jafnvel þótt Mannréttindadómstóll Evrópu hafi úrskurðað með afgerandi hætti gegn slíkum aðferðum. Þá er formleg lagaleg vernd gerð haldminni en ella með umfangsmikilli notkun stjórnvalda á bæði löglegum og ólöglegum eftirlits- og nýsnabún- aði.

Loks hafa kröfur í nafni þjóðaröryggis í mörgum löndum orðið til að

þrengja að réttinum til að vernda heimildarmenn. Lög um ríkisleyndarmál og þjóðaröryggi hafa reynst blaðamönnum erfið. Málin eru mörg þar sem blaðamenn hafa verið handteknir, ákærðir og áreittir fyrir að hafa birt einhverjar upplýsingar sem flokkaðar hafa verið sem viðkvæmar. Með lögum sem sett voru víða og áttu að auðvelda stríðið gegn hryðjuverkum hafa stjórnvöld fengið viðtækar heimildir til að krefja blaðamenn um aðstoð, hlera samskipti þeirra og safna upplýsingum.

Óvíða eru ákvæði í lögum um vernd fyrir heimildarmennina sjálfa, efir að þeir hafa verið afhjúpaðir. Í um 40 löndum eru þó ákvæði og vernd fyrir svokallaða „flautara“ (whistleblower) en aðeins örfá þeirra snúast beint um að flautararnir gefi fjölmiðlum upplýsingar.

## Tillögur Privacy International

Hér á eftir fer lokakafli skýrslunnar sem felur í sér almennar tillögur Privacy International til úrbóta og viðmið sem styðjast má við varðandi það

# VERND HEIMILDARMANNA

hvenær réttlætanlegt kann að vera að rétturinn til að vernda heimildarmenn víki:

Sérhvert ríki ætti að setja skýra og víðtæka löggjöf um vernd heimildarmanna blaðamanna til að tryggja að þessi réttur sé viðurkenndur og njóti eðlilegrar verndar.

Verndarákvæðin ættu að ná til allra þeirra einstaklinga sem koma að því að koma upplýsingunum á framfæri við almenning, þar á meðal ritstjóra, fréttamanna, lausamanna, starfsfólks í hlutastarfi og nýliða. Þetta á að gilda óháð því um hvaða fjölmiðlagátt er að ræða, hvort sem það er prentmiðill, ljósvakamiðill, netmiðill eða bók. Verndunarákvæðin ættu einnig að ná til allra þeirra sem hafa faglega tengingu við blaðamanninn, þar á meðal fjölmiðlafyrirækið, ritstjóra, prentara, dreifingaraðila og þá sem sjá um fjar-skipta- og tölvutengingar fyrir viðkomandi.

Þá á ekki að vera hægt að krefjast þess af blaðamanni;

að hann gefi upp heimildarmann sem hann á trúnaðarsamband við,  
að hann afhendi óbirt efni,  
að hann afhendi minnisbækur eða skjöl eða neitt það sem gæti gefið einhverjar upplýsingar um heimildaöflun eða vinnubrögð.

Allar kröfur um að fá aðgang að vernduðum upplýsingum ættu algerlega að takmarkast við mjög alvarleg glæpamál. Slíka ósk um afhendingu upplýsinga ætti aðeins sjálfstæður dómari að geta heimilað, eftir að fram hefur farið vitnaleiðsla um slíkt fyrir opnum tjöldum. Heimild slíks dómara verður jafnframt að vera hægt að áfrýja til óháðs úrskurðaraðila í réttarkerfinu. Þá og því aðeins ætti að vera heimilt að aflétta vernd af slíkum

upplýsingum að yfirvöld geti sannfært dómstóla um að eftirfarandi viðmiðum sé mætt:

- Upplýsingarnar séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir alvarlegt líkamlegt tjón eða til að koma í veg fyrir rangar sakargiftir. Aldrei má aflétta vernd ef „glæpurinn“, sem til rannsóknar er snýst einvörðungu um það að upplýsingum hafi verið komið á framfæri.
- Að upplýsingarnar séu algjörlega nauðsynlegar til að sýna fram á sekt eða sakleysi í mikilvægu máli og að óskín um upplýsingar beinist þá að mjög afmörkuðum þáttum.
- Ekki sé hægt að fá fram þessar upplýsingar með neinum öðrum hætti og þegar hafi verið fullreynt og stjórnvöld sannað að þau hafi reynt til þrautar að ná fram þessum upplýsingum eftir öðrum leiðum.
- Að óskín komi frá mikilvægum málsaðila.
- Að dómari meti það svo að almannaheill sem af því leiði að upplýsingum sé komið á framfæri sé margföld á við mikilvægi þess fyrir tjáningarfrelsi og almannaheill að blaðamaður haldi trúnað við heimildarmenn.

Húsleitarheimildir hjá fjölmiðlum eða á heimilum fjölmiðlafólks má ekki nota til að komast framhjá reglum um vernd heimildarmanna og leitir af því tagi eiga að vera úrskurðaðar ólög- mætar og ógildar. Hleranir og aðrar aðferðir við eftirlit á ekki að nota til að komast framhjá réttinum til verndar heimildarmanna. Stjórnvöld ættu að stilla sig um að setja lög sem kalla eftir reglubundinni söfnun eða vöktun fjar-skiptaupplýsinga, sem geta takmarkað verulega möguleika blaðamanna til að virða trúnað við heimildarmenn.

Í málum sem varða meiðyrði eða ærumeiðingar, þá má neitun blaðamanns að benda á heimildarmann ekki verða til að takmarka eða ógilda vitnisburð eða málstað blaðamanns fyrir dómi.

Þegar blaðamaður er látinn bera vitni má ekki krefja hann um að gefa upplýsingar, sem gætu spilt heilsu hans eða öryggi eða takmarkað möguleika hans eða annara á að afla sér svipaðra upplýsinga í framtíðinni.

Ef brotið er á rétti fjölmiðlafólks til að vernda heimildarmenn ættu að koma til bætur og refsingar, og upplýsingar sem eru fengnar með því að brjóta gegn réttinum til verndar heimildarmanns ættu ekki að vera tækar fyrir dómi eða í öðrum málarekstri.

Ákvæði hegningarlaga eða laga sem varða þagmælsku og trúnað opinberra starfsmanna um ríkisleyndarmál eða trúnaðarupplýsingar eiga einvörðungu að ná til embætismanna sjálfrá en ekki ná út fyrir raðir þeirra. Slík ákvæði ættu ekki að binda hendur fólks utan embættismannastéttarinnar, s.s. fjölmiðla eða frjálsra félagasamtaka. Aðila sem taka við eða birta trúnaðarupplýsingar ætti því ekki að vera hægt að lögsækja á slíkum forsendum. Þá á ekki að vera hægt að stofna til málamyndaglæparannsóknna í þeim tilgangi að finna út hverjir séu heimildarmenn fjölmiðla í tilteknum málum.

Flautarar, kjörnir fulltrúar eða almenningur sem lætur fjölmiðlum í té upplýsingar sem ekki eru opinberar en hafa gildi fyrir almannaheill, eiga ekki að þurfa að óttast atvinnutengdar refsingar. Eðlilegt er að koma upp víðtæku kerfi hjá stjórnvöldum, sem tryggir að þessi réttindi séu virt en ekki bæld niður af stjórnendum. Þeim sem hóta eða skaða flautara, ætti að vera refsað. -BG



# Vernd heimildarmanna og íslensk löggjöf



Eftir  
Þorvaldur Heiðar  
Þorsteinsson

**Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson lögfræðingur skilaði á dögunum meistararitgerð sinni í lögfræði er bar heitið *Þjóð veit, þá þrír eru – Um nafnleynd og vernd heimildarmanna fjölmiðla, sem eins og nafnið gefur til kynna fjallar um helstu réttarreglur er gilda um heimildarmenn. Niðurstöður ritgerðarinnar leiddu ýmislegt athyglisvert í ljós.***

Í ritgerðinni var meðal annars farið ítarlega yfir dómafrákvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE), auk þess sem kannaðar voru réttarreglur og dómafrákvæmd níu landa: Danmerkur, Finnlands, Noregs, Svíþjóðar, Belgíu, Englands, Frakklands, Þýskalands og Bandaríkjanna. Þessu til viðbótar var íslenskur réttur rannsakaður rækilega.

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur allt frá dómi sínum í máli *Goodwin gegn Bretlandi* árið 1996, veitt heimildarmönnum fjölmiðla mikla vernd, og hafa flest þau ríki Evrópu er skoð-

uð voru fylgt framkvæmd dómstólsins og lagað lagasetningu sína að úrlausnum hans, og auk þess haft til hljóðsjónar tilmæli Evrópuráðsins nr. 7 (2000) um rétt blaðamanna til að neita að greina frá heimildum upplýsinga. Sem dæmi um þetta má nefna að lögum í Danmörku var breytt árið 2006, í Finnlandi voru sett sérstök lög um fjölmiðlafrelsi árið 2003 og í Belgíu tóku gildi sérstök lög um heimildarmenn fjölmiðla árið 2005. Heimildarmenn hafa hins vegar notið minni verndar í Englandi og Bandaríkjunum, en það gæti þó staðið til bóta og má nefna í því sambandi að fyrir Bandaríkjaþing var nýlega lagt fram, þriðja árið í röð, lagafrumvarp sem tryggir heimildarmönnum mikla vernd.

## Íslenskur réttur

Vernd heimildarmanna í íslenskum rétti birtist, eins og víða annars staðar, í réttarfarslögum, nánar tiltekið í 53. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 (eml.) og 53. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 (oml.). Hér verður ekki fjallað nánar um einkamálaögin, enda tryggja þau algjöra heimildarvernd, heldur verður sjónum beint að 1.mgr. 53. gr. oml. sem hljóðar svo:

### 53. gr.

Þeim, sem ber ábyrgð að lögum á efni prentaðs rits eða öðru efni sem birt er opinberlega, er óskýlt

að skýra frá því fyrir dómi hver sé höfundur að riti, grein, frásögn eða tilkynningu sem hefur birst án þess að höfundur væri nafngreindur. Þetta á þó ekki við ef vitnisburðar er krafist vegna afbrots, sem ætla má að muni varða þyngri refsingu en fésektum eða fangelsi allt að einu ári, eða vegna brots gegn þagnarskyldu í opinberu starfi, enda sé vitnisburður nauðsynlegur fyrir rannsókn málsins og ríkir hagsmunir í húfi.

Tekið skal fram í upphafi að 1. mgr. 53. gr. tekur samkvæmt orðanna hljóðan einungis til höfunda en ekki til heimildarmanna. Þetta ónákvæma orðalag hefur þó ekki komið að sök, enda er það ríkjandi skoðun að ákvæðið beri samt sem áður að skýra svo að það nái til verndar heimildarmanna. Hefur sá skilningur og verið staðfestur af Hæstarétti í máli Agnesar Bragadóttur, *Hrd: 1996/40*.

Ákvæðið er annars svo uppbyggt, að sá sem telst bera ábyrgð á birtu efni, er óskýlt að skýra frá því fyrir dómi hver sé höfundur að riti, grein, frásögn eða tilkynningu sem hefur birst án þess að höfundur sé nafngreindur. Rétt er að taka fram, að skv. orðalagi sínu nær 53. gr. ekki til annarra en þess er ber ábyrgð á birtu efni. Það er að segja ákvæðið nær ekki starfsmanna ábyrgðaraðila, svo sem skrifstofustarfsmanna, tækni- manna eða starfsmanna prentsmiðju.

# VERND HEIMILDARMANNA

Í 53. gr. eml. er hins vegar skýrt kveðið á um að þessir starfsmenn njóti einnig verndar ákvæðisins.

Ljóst er af orðunum „er óskýlt að skýra frá“ að blaðamaður hefur um það val hvort hann kjósi að segja til heimildarmanns síns. Með öðrum orðum þá getur hann, á hvaða tímapunkti sem er, ákveðið að gera svo í óþökk heimildarmannsins. Blaðamaðurinn verður í þeim efnum að eiga við sína eigin samvisku og eftir atvikum siðanefnd Blaðamannafélags Íslands.

Gildissvið 53. gr. eml., hvað varðar það efni sem verndin nær til, er víðtækt. Verður þannig að telja að ákvæðið nái ekki einungis til útgefins efnis í hefðbundnum skilningi, heldur einnig til myndbirtinga og auglýsinga. Að sjálfsögðu gildir einu hvort efni sé birt á prenti eða sent út í gegnum ljósvakamiðla. Með vísan til orðalagsins „öðru efni sem birt er opinberlega“ verður raunar að telja, að ákvæðið verndi flestar tegundir tjáningarforms, þar á meðal efni sem birt er á Internetinu. Vafi gæti þó leikið á því hvort ákvæðið verndi svokallaðar blogg-síður, en sá skýringarkostur kemur a.m.k. vel til greina, miðað við afdráttarlausu orðalag þess. Ekki verður hér gerð frekari grein fyrir gildissviði ákvæðisins eða það borið saman við erlendan rétt, heldur áhersla lögð á þær takmarkanir sem kunna að vera á þeim rétti blaðamanns að neita að segja til heimildarmanns síns.

## Takmarkanir

Heimildarverndin er ekki takmarkalaus. Þannig má skylda blaðamann til þess að segja til heimildarmanns síns ef ætla má að brot muni varða þyngri refsingum en fésektum eða fangelsi allt að *einu ári*, eða vegna brots gegn þagnarskyldu í opinberu starfi. Þau skilyrði eru þó sett, að vitnisburður skuli teljast *naúðsynlegur* fyrir rannsókn máls, og *ríkir hagsmunir* í húfi. Bæði þessi skilyrði þurfa að vera uppfyllt.

Þegar íslenska ákvæðið er borið saman við erlendan rétt og dómaframkvæmd MDE, hvað þetta varðar, kemur í ljós að við stöndum höllum fæti. Má þar fyrst nefnda þann lágmarks-

refsiramma sem lagður er til grundvallar sem mælistika á það hvenær réttlæt看legt sé að skylda blaðamann til frásagnar. Hér á landi er gerð sú krafa að ætla megi að brot varði þyngri refsingum en fésektum eða fangelsi allt að einu ári. Til samanburðar má geta þess að í Danmörku er gert að skilyrði að brot geti varðað fjögurra ára fangelsi, að því viðbótar-skilyrði uppfylltu að brot sé af alvarlegu tagi. Í Finnlandi er sambærilegur refsiramma sex ár.


Mannréttindaómstóllinn hefur jafnframt lagt á það áherslu, að það að skylda blaðamann til þess að gefa upp heimildarmann sinn, skuli ávallt vera síðasta úrræði stjórnvalda. Með öðrum orðum, slíkt kemur einungis til greina þegar sýnt þykir og sannað að stjórnvöldum standi engin úrræði til boða til að komast að upplýsingum, að því sjálfsagða skilyrði uppfylltu að um upplýsingar sé að ræða sem réttlæta slíkar aðgerðir. Þessa má t.d. sjá stað í úrlausnum dómstólsins í máli *Goodwins gegn Bretlandi*, *De Haes og Gijssels gegn Belgíu* frá 1997 og að nokkru í máli *Craxi gegn Ítalíu* frá 2003. Víðast hvar, í þeim ríkjum er skoðuð voru, hefur þetta nú verið tryggt með því að slá marga varnagla í lögum. Ekki verður séð að slíkt hafi verið gert hér á landi.

Að lokum má nefna, að í flestum þeim ríkjum sem rannsókuð voru, er nú gerð krafa um að upplýsingar gegni lyklatríði fyrir úrlausn máls. Það er, hafi afgerandi áhrif fyrir niðurstöðu þess. Af því er jafnframt ljóst að blaðamaður verði ekki skyldaður til frásagnar nema mál verði ekki leitt til lykta að öðrum kosti.

## Opnar bakdyr


Það sem líkast til er alvarlegasti ágallinn á íslenskum lögum sem snerta vernd heimildarmanna er að hér á landi er haldið opinni svokallaðri „bakdyraleið“ fyrir stjórnvöld til þess að komast að upplýsingum. Í því felst nánar, að jafnvel þó svo að óheimilt sé, eða miklar takmarkanir á, að skylda blaðamann til þess að gefa upp heimildarmann sinn, er yfirvöldum samt sem áður unnt að komast að því með öðrum aðferðum svo sem símhlerunum, húsleit eða upptöku eigna. Slíkt er afar bagalegt enda gefur augaleið að ekki er þörf á vitnisburði blaðamanns ef hægt er að komast að sömu upplýsingum t.d. með því að hlera síma hans eða gera minnisblöð hans upptæk.

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur tekið afar hart á slíkum málum, nú síð-



Dómhús Mannréttindadómstóls Evrópu. Dómstóllinn hefur undirstrikað mikilvægi réttarins til verndar heimildarmanna.





Porvaldur Heiðar Þorsteinsson hefur skrifað athyglisverða kandidatsritgerð um vernd heimildarmanna.

ast í málum *Roemen og Schmit gegn Lúxemborg* frá 2003 og *Ernst o.fl. gegn Belgíu* frá sama ári. Er nú svo komið að þess er gætt vandlega í lagasetningum flestra þeirra ríkja er rannsökuð voru að samræmi sé þarna á milli. Það er, að ef blaðamanni er heimilt að neita að greina frá heimildarmanni sínum, er óheimilt að beina að honum öðrum þvingunarúrræðum til þess að komast að sömu upplýsingum. Íslendingar sitja þó á hakanum eins og fyrr segir.

## Staðan í dag

Ljóst er að framangreindu, og hafa aðeins fáein dæmi verið tekin, að ákvæði íslenskra laga eru ekki í fyllilegu samræmi við úrlausnir MDE og lagasetningu þeirra ríkja er við helst berum okkur saman við. Að frátaldrí „bakdyraleiðinni“, má segja að það sem erlend lagaákvæði hafa einkum fram yfir þau íslensku er, að þau eru skýrari og minna mat er eftirlátið dómstólum. Það er, þau tilvik og skilyrði, þar sem til greina kemur að heimildar-

verndin víki, eru tæmandi talin, auk þess sem heimildir til þess að skylda blaðamenn til þess að gefa upp heimildarmenn sína eru alla jafna þrengri heldur en í íslenskum rétti. Óhjákvæmilegt er þó að dómstólar eigi lokaorðið um það hvort heimildarverndin skuli rofin. Hitt gefur hins vegar augaleið að þeim mun *skýrari* leikreglur sem dómstólum eru markaðar, því *fyrirsjáanlegri* verður niðurstaðan. Það er algilt og ekki einskorðað við vernd heimildarmanna.





# Auka veg heiðvirðrar blaðamennsku

Góð þátttaka var í þeim margvíslegu viðburðum sem Blaðamannafélag Íslands efndi til nú á haustdögum í tilefni af 110 ára afmæli sínu. Efnt var til málþings og pressukvölds þar sem fjallað var um stöðu fjölmiðlunar almennt og rýnt í framtíðina. Þá efndi félagið til hófs á skemmtistaðnum Rex þar bókin Íslenskir blaðamenn var kynnt, en þar er rætt við handhafa blaðamannaskírteina 1 til 10 um viðhorf þeirra og störf.

„Bókin er frábær heimild um sögu og þróun blaðamenskunnar,“ sagði Arna Schram formaður Blaðamannafélags Íslands við þetta tilefni. Hún vitnaði meðal annars til orða Matthíasar Johannessen, sem segir í viðtali í bókinni góðu, að blaðamenn þurfi að hafa gaman af starfi sínu, telja það mikilvægt og vilja að leiði til góðs uppeldis í stað þess að endurspegla aðeins glæpi og ömurleika að ekki sé talað um peninga sem séu yfirþyrmandi í fjölmiðlum nú um stundir.

### Fyrst kom Bríet

Samkvæmt heimildum var það skörungurinn Bríet Bjarnhéðinsdóttir, ritstjóri Kvennablaðsins, sem átti hugmyndina að stofnun Blaðamannafélagsins. Jón Ólafsson, ritstjóri Nýju aldarinnar, tók hins vegar frumkvæði í málinu og fékk Björn Jónsson, ritstjóra Ísafoldar til liðs við sig. Aðrir stofnendur, auk þriggja fyrrnefnda, voru Valdimar Ásmundsson, ritstjóri Fjallkonunnar, Jón Jakobsson, útgefandi



Lífið og listin. Hilmar Karlsson og Gísli Sigurðsson ræða saman.

Nýju aldarinnar, og Þorsteinn Gíslason, ritstjóri Íslands. Lög félagsins voru samþykkt í janúar 1897. Þá hafði einn blaðamaður bæst í hópinn, Einar Hjörleifsson, meðritstjóri Ísafoldar.

Stofnfélagar var því sjö. Var tilgangur félagsins að styðja atvinnuveg blaðamanna, efla viðkyrningu félagsmanna hvers við annan og auka veg og gengi heiðvirðrar blaðamennsku.

### Upplýsa og fræða

„Í grundvallaratriðum er tilgangur félagsins enn sá hinn sami. Það er að

efla faglegan metnað blaðamanna, halda uppi umræðum um starfið og ýmis grundvallarmál okkar. Ekki dregur úr mikilvægi þessa hlutverks eftir því sem árin líða. Það helst líka í hendur við nauðsyn þess að félagið standi vörð um kjara- og réttindamál félagsmanna sinna. Í dag er sótt að faginu úr öllum áttum. Aukin krafa um hagræðingu og arðsemi dregur úr starfsöryggi og þar með möguleikum blaðamanna til að sinna því sem þeir eiga að sinna: að upplýsa og fræða,“ sagði Arna Schram í hófinu þegar bókin



Viðmælendur í bókinni *Íslenskir blaðamenn*. Frá vinstri talið: Gísli J. Ástþórsson, Gísli Sigurðsson, Sverrir Þórðarson, Elín Pálmadóttir, Atli Steinarsson, Þorbjörn Guðmundsson og Fríða Björnsdóttir. Þá Birgir Guðmundsson ritstjóri bókarinnar og Arna Schram formaður BÍ. Á myndina vantar Matthías Johannessen, Jónas Kristjánsson og Braga Guðmundsson.

góða kom út, en hún verður send til allra félagsmanna BÍ.

## Málþing og pressukvöld

Í byrjun nóvember, um viku fyrir sjálfa afmælisveisluna og útgáfuteitið hafði Blaðamannafélagið boðað til málþings undir yfirskriftinni „Að skrifa fréttir fyrir lýðræðið“, með tveimur þekktum blaðakönum, annarri að austan og hinn að vestan. Þetta voru þær Amy Goodman frá Bandaríkjunum og Jelena Larinokova frá Rússlandi. Var málþingið vel sótt og augljóslega mikill áhugi á stöðu blaðamenskunnar í heiminum. Málþingið var raunar hugsað sem hluti af viðburðum sem tengdust annars vegar afmæli BÍ. og hins vegar evrópskum baráttudegi til varnar blaðamennsku. Evrópusamband blaðamanna hafði útnefnt mánudaginn 5. nóvember sem slíkan baráttudag. Mánudaginn 5. nóvember blés félagið síðan til pressukvölds í tilefni baráttudagsins þar sem innlendir frummælendur og panelistar fóru yfir sviðið. Fluttu þar framsögu þeir Birgir



Bera saman bækur. Stjórnblaðamaðurinn Kolbrún Bergþórsdóttir á 24 stundum og Þórarinn Þórarinnsson ritstjóri Mannlífs.

# 110. ÁRA AFMÆLI

## 110 ÁRA AFMÆLI BÍ FAGNAÐ



Í forystu. Arna Schram formaður BÍ, til vinstri, og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, varaformaður.

Guðmundsson við Háskólann á Akureyri og Jón Ólafsson við Háskólann á Bifröst. Báðir eru þeir gamalreyndir blaðamenn og ekki „bundnir neinum hagsmunatengslum við starfandi fjölmiðla“ eins og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir varaformaður B.Í. sem stjórnaði umræðunum orðaði það. Í pallborðsumræðum tóku svo þátt auk frummælenda þeir Einar Sigurðsson, forstjóri Árvakurs, Ari Edwald, framkvæmdastjóri 365 og Páll Magnússon, útvarpsstjóri. Pressukvöldið var gríðarlega vel sótt en þar voru u.þ.b. 100 manns.

### Ljósmyndasýning

Í tilefni afmælis félagsins var þann 3. nóvember opnuð sérstök sýning á fréttaljósmyndum í Kringlunni og var sýningin síðan flutt til Akureyrar hálfum mánuði síðar og hékk hún uppi í bókasafni háskólans fram á miðja aðventu. Vakti sýningin mikla athygli og má gera ráð fyrir að þúsundir manna hafi skoðað hana.

Það var Þorvaldur Örn Kristmunds-



Gamalreyndir blaðamenn. Sverrir Þórðarson, til vinstri, og Þorbjörn Guðmundsson sem er handhafi blaðamannaskírteinis nr. 1.

son, fyrrum formaður Blaðaljósmynd-  
arafélags Íslands í tólf ár, sem valdi  
myndirnar. Á sýningunni voru um 40  
ljósmyndir eftir næstum jafn marga  
ljósmyndara. Leitast var við að tína til  
myndir sem teknar voru af blaða-  
mönnum eða öðrum þeim sem höfðu  
sinnu og áhuga á að skrásetja frétt-  
næma atburði með þessari tækni. Hér  
var því um að ræða fréttaljósmyndir  
sem standa undir nafni þótt ljósmynd-  
ararnir sem myndirnar tóku hafi trúleg  
ekki skilgreint sig sem sérstaka frétt-  
ljósmyndara. Það gerir myndir þeirra  
þó ekki síður áhugaverðar og í því  
úrvali mynda sem þarna kom fyrir  
almenningssjónir voru fjölmargar  
myndir frá því fyrir seinna stríð sem  
ekki höfðu birst opinberlega áður.  
Yngri myndirnar í þessu safni höfðu  
sumar hverjar birst í blöðum en allar  
eiga myndirnar það þó sameiginlegt  
að þær varðveita sinn samtíma – það  
sem á þeirri stundu sem myndinni var  
smellt af þótti á einhvern hátt frétt-  
næmt eða frásagnarvert. Áhuginn á



Vinnufélagar á Fréttablaðinu. Óli Kr. Ármannsson og ljósmyndarinn góðkunnir, Gunnar V. Andrésson.

að skrásetja heimildir á filmu kemur  
fram strax í frumbersku ljósmynd-  
unar og hefur haldist síðan. Að því  
leyti sýnir þetta safn fréttaljósmynda  
að hjörtu fréttaljósmyndara allra tíma

slá í takt, hvort heldur það er í dag  
eða fyrir 110 árum. Myndirnar voru  
síðan settar sem sérstakur kafli inn í  
bókina Íslenskir blaðamenn.

– sbs/BG

## Ferð fjölmiðlafræðinemenda HÍ til Washington DC

Fjölmiðlafræðinemendur ásamt Þor-  
birni Broddasyni prófessor hjá  
Háskóla Íslands fóru til Washington  
DC í vikulanga námsferð síðastliðinn  
apríl til þess að kynna sér fjölmiðlafyr-  
irtæki í höfuðborg stórveldisins.

Nemendur fóru meðal annars í  
heimsóknir til National Public Radio,  
Plexus Consulting Group, National  
Press Club og ABC News ásamt því  
að vera svo heppnir að fá að hitta  
sendiherra Íslands, Albert Jónsson og  
Björn Malmquist fréttamann RÚV í  
Bandaríkjunum.

Dagskrá ferðarinnar var þétt og  
margt að gera á stuttum tíma. Vaknað  
var snemma og hlaupið milli hinna  
ýmsu stofnana og fyrirtækja til þess  
að fá kynnisferð um starfsemi þeirra.  
Þó var lágt gengi dollarsins ekki van-  
rækt og nýttu námsmenn sér það, sér-  
staklega þeir sem áttu börn eða fengu  
ekki töskurnar sínar úr flugvélinni.

Ferð fjölmiðlafræðinemenda Þor-  
bjarnar hefur verið árlægur viðburður í  
nokkur ár og hefur þá ýmist verið farið  
til London eða Washington. Þessi ferð



Gamla stúdíóið, neðri mynd og hið nýja fyrir ofan.

skilur alltaf mikið eftir sig hjá nemend-  
um og þá ekki bara í þekkingu heldur  
líka í tengslaneti þar sem nemendur  
fá oft að kynnst einstaklingum sem  
er ekki á allra færi að hitta.

Það sem nemendum fannst sér-  
staklega skondið í veglegri skoðunar-  
ferð sem þeir fengu um bókasafn

þingsins (library of congress), var að  
þar fengu þeir að skoða gamlar ís-  
lenskar símaskrár í eigu safnsins.  
Flettu nokkrir upp öfum sínum og  
hlógu að auglýsingum í símaskrá frá  
árinu 1946.

En það var ekki allt gamalt sem  
sem nemendur fengu að sjá. Í heim-  
sókn til ABC News fengu þeir að sjá  
stúdíó sem átti að taka í notkun viku  
seinna, það var allt stafrænt og þegar  
það var borið saman við það gamla  
var munurinn gífulegur. Einnig fengu  
nemendur að koma inn í sjónvarpsset  
hjá ABC þar sem verið var að taka  
upp þáttinn This Week, fréttapátt sem  
er á netinu daglega og síðan einu  
sinni í viku samantekt í sjónvarpinu.

Nemendur sneru heim eftir góða  
ferð, hamingjusamir með reynsluna  
sem þeir öðluðust, fólkið sem það  
kynntist, lágan dollara og góða veðrið  
sem fór ekki niður fyrir 15 gráður. Það  
snjóaði víst viku seinna, en það var í  
lagi því þeir voru farnir heim.

Sunna Gunnars Marteinsdóttir og  
Sigrún Lilja Guðjónsdóttir

# Smásagan og Jón Ólafsson

– Saga um blaðamennsku birtist daginn eftir stofnun B.Í.

Haustið 1897 hefur verið viðburðaríkt hjá Jóni Ólafssyni ritstjóra í Reykjavík, sem raunar er í stíl við allt ævihlaup þess merka manns. Hann hafði þá nýlega ýtt úr vör nýju blaði sem hann ritstýrði, blaðinu Nýja öldin. Jón er síðan aðalhvatamaður og fundarboðandi þegar Blaðmannafélagið var stofnað 19. nóvember 1897 á Hótel Borg. Tilgangur félagsins var að styðja við blaðamennskuna sem starfsgrein og auka viðkyrningu milli félagsmanna og „styðja heiðvirðleik og ráðvendni í blaðamennsku“. Daginn eftir stofnfund Blaðmannafélagsins, þann 20. nóvember, kemur út stórt tölublað af Nýju öldinni þar sem kennir ýmissa grasa. Áberandi

er þó smásaga í blaðinu, en smásögur voru þá eins og nú oft vinsælt efni í blöðum. Það sem þó vekur sérstaka athygli er að Jón Ólafsson ákveður samtímis því að hafa forustu um stofnun Blaðmannafélagsins að velja og þýða smásögu frá Bandaríkjunum þar sem ýmis grundvallarboðorð um „heiðvirðleik og ráðvendni í blaðamennsku“ koma við sögu. Ólíklegt er að það sé einskær tilviljun að Jón hafi ákveðið að koma þessari tilteknu sögu á framfæri á sama tíma og Blaðmannafélagið er stofnað þó ógerningur sé að fullyrða um að söguvalið tengist beint stofnun félagsins. Hitt er



Jón Ólafsson, ritstjóri.

ljóst að smásagan og sú ákvörðun Jóns að þýða hana og birta gefa ákveðna vísbendingu um hver hann taldi vera helstu gildin í heiðvirðri og ráðvandi blaðamennsku. Hetja sögunnar er blaðamaður/prentari sem lætur ekki sérhagsmuni peningavaldsins villa sér sýn í því sem hann skrifar. Ritstjórinn hins vegar sem í raun er ágætur maður telur sig knúinn til að beygja af leið vegna efnahagslegrar nauðsynjar.

Sagan snýst í raun um sömu eða svipaða hluti og umræðan um sjálfstæði ritstjórna gerir í dag. Söguþráðurinn og leikrænan, líkt og átökin

og persónurnar eru vissulega gamaldags og því líklegt að sagan kalli fram brosviður annað slagið. Engin ástæða er þó til að ætla að Jóni eða samtímamönnum hans hafi þótt þetta vitund spaugilegt – þetta er einfaldlega stóralvarlegt drama! Og sagan hefur líka skilaboð til okkar tíma – ekki sist til þeirra sem eru nú 110 árum síðar að fagna afmæli Blaðmannafélagsins. Kraftan um sjálfstæði ritstjórna gagnvart eigendum og viðskipta- og auglýsingahagsmunum viðkomandi fjölmiðils er bæði gömul og ný. Blaðamanns/prentara – hetjan í smásögunni segir á einum stað: „Það er eins og

fólk haldi að viðskiftamenn blaðs geti stjórnað því og ráðið. Viðskiftamönnum krambúðarmangarans dettr þó ekki í hug að vilja stjórna búðinni hans – og engum viðskiftamönnum neinna annara manna, það ég veit“. Efnislega gæti þetta hafa verið sagt á nýlegu pressukvöldi hjá Blaðmannafélaginu í tengslum við nýlegt evrópskt átak til varnar blaðamennsku, en þar var sjónum einmitt beint að því að markaðsvæðingin væri farin að ráða of miklu um blaðamennsku á kostnað gamalgróinna grundvallargilda. -BG

# Fjárnám

## – Smásaga frá Bandaríkjunum eftir le Roy Armstrong

Hér birtist smásagan úr Nýju öldinni, sagan sem Jón Ólafsson kaus að birta daginn eftir fundinn sem hann boðaði til á Hótel Borg fyrir 110 árum, til þess að stofna Bláðamannafélag Íslands.

Mr. Lavater tók upp silkihattinn sinn, brosti framan í ritstjóra „Segulstálsins“ ógnarlega sannfærandi sætleiksbrosi, og hélt svo burt í bezta skapi.

Honum hafði fallið illa að sjá núna síðustu vikurnar ýmisleg glappaskot í blaðinu – engar stafvillur eða misletranir vitaskuld; ekki skakkt skeyttar saman málgreinar eða því um líkt. En það sýndist vilja svo slysalega til, að ritstjórinn virtist halda á móti ýmsum fyrirtækjum, sem Mr. Lavater vissi að áttu skilið stuðning; og eins óheppilegt var það að sínu leyti, að ritstjórinn hafði glæpst á að halda með ýmsu öðru, sem Mr. Lavater líkaði illa. Svo að hann hafði lofað kunningjum sínum því aftr og aftr, að hann skyldi einhvern tíma skreppa til að heimsækja Hammerton ritstjóra og tala við hann.

„Hammerton vill vel“, var Mr. Lavater vanr að segja með góðlátlegri nær-gætni. „Hann er einstaklega vel fær maðr og blaðið er prýðisgott hjá honum; en hann er ekki nógu kunnugr þessum málum. Allt og sumt, sem hann vantar, er að fá vinsamlega leiðbeining endrum og sinnum. Þessi síðasta ritstjórnargrein hans á móti endurnýjun skuldabréfa bæjarsjóðsins er það versta, sem hann hefir gert. Ég skal fara og finna hann áður en næsta blað kemr út.“

Svo var hávaði almennings í Warsaw í litlum vafa um það, að „Segulstálið“ mundi ekki valda hneyksli aftr í þessu máli. Það er að segja, að það myndi ekki hneyksla Mr. Lavater. Enginn maðr hafði jafn mikinn hag af því sem hann, að skuldabréfin yrðu endurnýjuð; og þar



sem allir vissu að hann hafði lánað Mr. Hammerton peninga og hafði veð í prentsmiðjunni, þá var svo sem auðvitað, að hann gæti ráðið stefnu blaðsins. Það var eins og engum dytti annað í hug, en að það væri svo sem sjálfsagðr hlutr. Það kom engum til hugar að ritstjórinn kynni að hafa einhverja skoðun sjálf. Mr. Peltier var yfirprentari „Segulstálsins“ og aðalmaðurinn, sem vann að blaðinu fyrir utan ritstjórnann. – „Ef ég væri útgefandi þessa blaðs“, sagði Mr. Peltier um leið og Mr. Lavater fór út og lokaði hurðinni á eftir sér, „þá stýrði ég því sjálf. Þessi maðr hefir engan meiri rétt til að segja yðr fyrir, hvað þér skulið prenta, heldr en hvað þér skulið éta.“

„Já, Peltier minn“, sagði ritstjórinn þreytulega; „það er nú til svona, að maðr getr ekki ævinlega farið svo að sem maðr helst vill.“ Hann langaði ekki til að ræða þetta mál við neinn; og við Peltier vildi hann síðr þurfa að ræða það en við nokkurn annan.

Peltier prentari var prentari af góða, gamla skólanum; hélt hann því fast fram, og þoldi enga mótsögn, að umráð og stjórn hvers blaðs ætti að vera á skrifstofu þess, og að sérhver

tilraun af hendi óviðriðinna manna til að beygja ærlega sannfæringu ritstjórnarinnar væri heimsins stærsta höfuðsynd. Peltier gekk svo klæddr, að vesti hans, buxur og frakki var af sitt hverju tagi, og hafði hann keypt sína spjörina í hverri borg hjá fatagýðingum í ferðum sínum, og hirti hann aldrei, hvort litr eða snið á hverju um sig ætti saman eða svaraði til tízkunnar. Honum var það lagið, sem ekki er dæmalaust um fleiri, að bera svo skegg sitt, að aldrei virtust vera nema fimm dagar síðan hann hefði rakað sig. En enginn maðr minntist þess að hafa séð hann nýrakaðan.

En Hammerton vissi að hann var ómetanlegr hjálparmaðr. Hann var þefvís á nýjar fréttir, honum var sýnt um að skrifa smágreinir um mál, sem bæinn varðaði og grendina.

Auk þess unni Peltier prentari mjög einum af eldri skáldunum, sem nú var farinn að falla heldr í fyrnsku, og hafði hann jafnan einhver orðtæki eða stef frá þessu uppáhaldsskaldi sínu á reidum höndum, og var það einatt sá búningr, er honum þótti bezt klæða hugsanir sínar í þann og þann svipinn. En um fram alt var honum svo ant



um blaðið, að dómar hans og álit um það, hvort sem það kom fram beðið eða óbeðið, í tíma eða ótíma, var jafnan vel virt af ritstjóranum. Dómar hans og álit höfðu líka ævinlega þann kost við sig, að hann reiddist því aldrei þótt eigi væri eftir þeim farið. En allt um það, hafði ritstjórinn talsverða virðing fyrir reynslu þessa manns, og honum féll það mjög þungt, þegar hann varð að fara gagnstætt ráðum hans.

„O jú, maðr getr ævinlega farið að eins og hann helst vill“, svaraði prentarinn aftr; „að minnsta kosti getr sá það sem hefir veð í prentsmiðju annars manns. En hann hefir engan rétt til að neyða yðr til að segja það sem þér trúið ekki sjálftr satt að vera. Þér gætuð þó ekki farið út um borg og bý og farið að taka það aftr, sem sagt var í greininni vikuna sem leið um endurnýjun skuldabréfanna. Því ættuð þér að kalla það aftr í blaðinu næstu viku?“

„Ég geri það ekki“, sagði Hammerton, og hélt einu af skifti-blöðunum upp fyrir andlit sér; hann var að skygnast eftir hvort hann sæi ekkert minzt á Warsaw-bæ í þeim.

„Á, þér gerið það þá ekki?“ mælti Peltier og var sýnilega glaðari í bragði.

„Nei“, svaraði Hammerton, „ekki næstu viku; ég má til að gera það þessa viku“.

Nú tók Peltier pípuina út úr sér og horfði örvæntingarlega á húsbónda sinn. Næsta dag átti blaðið að koma út og nú var það alsett.

„Hvað á ég að gera við ritstjórnargreinina á móti endurnýjun skuldabréfanna?“

„Kasta letrinu af aftr“.

„Og setja í staðinn aðra grein til að meðmæla endurnýjuninni?“

„Ég býst við því“, sagði Hammerton heldr óþolinmæðislega. „Satt að segja skildi Mr. Lavater eftir hjá mér dálitinn greinarstúf, sem við verðum að taka. Mér fellir þetta engu léttarra en yðr; en vera má ég geti komizt úr skuldunum næsta ár og ég vil komast hjá að styggja nokkurn. Eftir það skal ég stjórna „Segulstálinu“ eftir sjálfs míns höfði“.

Peltier gekk frá ritstjóranum innar í prentstofuna, tók dálkstiku og fór að mæla, hve mikið af vikuverkinu yrði nú ónýtt við þessa stefnubreyting.

Mary Telesford var fyrsti gestr, sem kom á skrifstofuna næsta morgun. Hammerton var ekki kominn, og settist hún niðr nálægt skrifborði hans og gaf með athygli gætr að verkinu í prentsmiðjunni. Formaðrinn og hjálparmenn hans voru að setja letr með mesta hraða; þeir höfðu sitt smáblaðið hver fyrir framan sig, og leit svo út sem það væri allt saman eitt handrit, er þeir hefðu skift milli sín.

„Þessi grein um skírnina kemst ekki inn þessa viku, Peltier“, sagði setjarinn einn; „það er eigi rúm fyrir hana“.

„Geymum hana“, svaraði formaðrinn; „þeir verða að bjargast án hennar sem bezt þeir geta, blessaðir kirkjumennirnir. Það stendr á minstu: For modes of faith let graceless zealots fight: he can't be wrong whose life is in the right“.

„Þetta er úr Pope's Tilraun“, sagði drengurinn sem gætti skrifstofunnar drýgindalega við Miss Telesford.

„Hvaða Tilraun?“ spurði Miss Telesford brosandí.

„Úr Pope's Tilraun“, sagði strákr: hann vissi auðsjáanlega ekki meiri deili á, hvað Pope's Tilraun var.

Það var eins og Mr. Hammerton álitu það ekki samboðið ritstjóra að fara snemma á fætr. Að minnsta kosti kom hann á skrifstofuna sína heilum klukkutíma seinna en verkamenn hans. Hann heilsaði Miss Telesford einkar vingjarnlega þegar hann kom. Hún var yngismær, sem öllum þótti mikils um vert að geðjast.

„Mig langar til að senda fólkinu mínu í Vermont „Segulstálið“ í eitt ár“, sagði hún. „Okkr þykir öllum mikið til blaðsins yðar koma, og sérstaklega þykir okkr vænt um, hvað þér berjizt drengilega móti endurnýjun skuldabréfanna“.

Hann hafði tekið fram áskrifendabókina og opnað hana; en við það er Miss Telesford mælti, kom hik á hann. Hafði hann nokkurn rétt til að taka við hvort heldr lofsorði hennar eða peningum? Honum varð ósjálfrátt að litast um í herberginu, unz hann mætti alvarlega augnaráðinu hans Peltier's.

„Mér þykir mjög vænt um að yðr líkar blaðið, Miss Telesford“, mælti hann; en ég er hræddr um að ég verði

að breyta skoðun minni á skuldabréfamálinu“.

Hún skifti litum og horfði á hann með athygli dálitla stund.

„Þér ætlið þó ekki að fara að halda með endurnýjuninni?“

„Ég má til með það, held ég“.

„En þér vóruð svo einbeittir á móti því vikuna, sem leið“.

Hann var í sárri klípu. Hann hafði stundum haldið því fram, að konur gætu ekki borið nokkurt skyn á fjármál. En honum fanst einhvern veginn ekki unt að koma þeirri röksemd fyrir sig þá rétt í svipinn. Hann fór að reyna að sýna henni fram á, að endurnýjunin hlyti að verða til hagnaðar fyrir gjaldþegna bæjarins, og hann varð enda sá vesalingr, að fara að telja henni trú um, að það að endurnýjunin mundi verða ofan á, væri í sjálfu sér sterk sönnun fyrir því, hve holl hún væri bænum.

„En ég er ein af gjaldþegnum bæjarins“, mælti hún, „og ég veit hvað ég vil. Það eru ekki nema tvö ár eftir þar til skuldabréfin falla í gjalddaga, og nægt fé í bæjarsjóði til að leysa þau inn. Ef við endurnýjum þau, þá verðr bærinn að borga 3 af hundraði af þeim í 25 ár“.

Þetta voru einmitt röksemdirnar, sem hann hafði beitt vikuna sem leið. Það vóru enn fremr settir tveir dálkar af nýjum röksemdum í sömu átt. En nú áttu þeir aldrei að birtast á prenti, því að í stað þeirra áttu að koma tveir dálkar af röksemdum í gagnstæða átt; það var það sem prentararnir vóru nú að hamast við að setja. Miss Telesford fanst nú fátt um. Henni þótti þetta vera alvöruleysi; fór að renna margt í grun, og líkaði henni mjög illa hviklyndi ritstjórans, en þó gat henni ekki til hugar komið, að hann væri sá aumingi að láta eigingirni hafa áhrif á sig.

Hún hafði dáðst svo mikið að blaðamensku hans, virt hann svo mikils fyrir hvað hann barðist þreklega við örðugleikana, og mikilsmetið hann fyrir drengskap hans og mannkosti í lífinu, svo að hún vonaði, að úr því hann hefði skift skoðun, þá hefði hann haft til þess einhver æðri rök en eigingirni.

„Hvernig stendr á þessu, Mr. Hammerton? Ég vona þó að enginn þröngvi



yör til þessarar stefnubreytingar. Röksemdir yðar vikuna sem leið báru það með sér, að hugr fylgdi máli. Ætli þér gerið nú ekki rangt í að véfengja nú gildi þeirra?"

Honum var þetta nú reyndar ekkert ný reynsla. Það var ekki svo fátítt að reynt væri af hinum og öðrum að sannfæra ritstjóra „Segulstálsins“ um það, hvað blaðið ætti að gera. En það höfðu ávalt verið karlmenn, sem reyndu það; það var kvalræðislega auðmýkjandi að sitja frammi fyrir stúlku þessari, sem hann vissi að hafði rétt fyrir sér, og játa það, að hann væri neyddur til að styðja rangan málstað. En hún var svo vingjarnleg, að góðvild hennar létti honum nokkuð þessa syndarjátning.

„Svo ég sé hreinskilinn við yör, Miss Telesford“, mælti hann, og var ekki ört svo karlmannlegur í máli, sem hann hefði á kosið, „þá hef ég ekki alveg frjálssar hendr að fara svo í þetta mál sem ég vildi helzt kjósa. En vera má“, mælti hann hressari í bragði, „að yör sýnist annan veg, er þér lesið blaðið“.

Hún gaf engan gaum að þessari tilraun hans til að klóra í bakkann.

„Er það Mr. Lavater, sem er að þröngva kosti yðar?“

Hann laut höfðinu enn dýpra og fyrirvarð sig auðsjánlega.

„Hvernig getr hann skaðað yör?“

„Gert fjárnám hjá mér“.

Hammerton var alveg frá sér. Hann stóð upp, litaðist um í húsinu og virti fyrir sér stóru hrúguna af pappír, sem átti að fara í næsta blað; upplagið var vaxið svo fjarskalega fram úr því sem það var, þegar hann keypti blaðið: hann starði á nýju hraðpressuna falllegu sem komin var í stað gamla handpressu-skriflisins, sem fylgdi balðinu þegar hann tók við því. Hann var nú svo þrauta-nærri því að ná takmarki sínu. Átti hann nú að leggja þetta allt í sölurnar með því að berjast gegn þessum mönnum? Þeir máttu sín mikils í Warsaw. En ef hann hins vegar lét undan þessum mönnum, hlaut hann þá ekki að missa eitthvað, sem þessi stúlka mat heilagt? Hann settist niðr sorgbitinn og ráðalaus, en Miss Telesford stóð á fætr og bjóst til að fara.

„Jæja, gerið það sem þér álítið bezt“, mælt hún; „og vildi ég gæti hjálpað yör“. Svo kvaddi hún og fór.

„Ég vildi að hún ætti veð í prentsmiðjunni“, sagði Hammerton ritstjóri við Peltier, sem var að lesa saman prófarkir með honum.

„Kann vera hún kaupi það“, svaraði Peltier heldr vonleysislega.

„Nú“, mælti Hammerton, sem alt af langaði til að bera eitthvað í bætipláka fyrir sér; „enginn getr gefið svo út blað að öllum líki“.

„Satt er það“, ansaði Peltier: „What chockes one part/will edify the rest./ Nor with one paper can they all be blessed“, segir Pope nærri orðrétt. En þér sleppið varla óðara úr einum vandræðunum en önnur ný skella yfir yör. Svona gekk það í löggildingarmálinu, og svona gekk það í vatnleiðslumálinu og sömuleiðis í slökkviliðsmálinu. Það er eins og fólk haldi að viðskiftamenn blaðs geti stjórnað því og ráðið. Viðskiftamönnum krambúðarmangarans dettr þó ekki í hug að vilja stjórna búðinni hans – og engum viðskiftamönnum neinna annara manna, það ég veit“.

\*\*\*\*

Aðal-fregnin í næsta blaði „Segulstálsins“ var alvarlegt slys, er ritstjóri hafði orðið fyrir.

Warsaw var mjög gamall bær. Fram með ytri hlið bæjarins rann á, og breitt stræti fram með; bæjar megin var strætið alskipað skrautlegum íbúðarhúsum og gangstéttir beggja megin. A kveldin var strætið fult af akandi og riðandi fólki, og gangstéttirnar til beggja hliða af gangandi fólki; mátti þetta heita lystistaðr bæjarins. Fram með gangstéttunum höfðu verið gróðursett áltré, og í skugga þeirra var fjöldi fólks, sumt reikandi um stéttirnar, sumt sitjandi á hvilibekkjum, sem stóðu hér og þar í forsælunni, og horfðu á þá, sem óku eða riðu um strætið. Hér var venjulega gleði brag og ánægju yfir öllum og öllu. Þetta var kallað „almennigr“ og voru allir heiðvirðir bæjarbúar velkomnir gestir á þessum stað. „Segulstálið“ hafði af og til haft dálk með fyrirsögninni: „Á almenningnum“, lýsingar á smávið-

burðum þeim í lífi bæjarins, sem hér báru fyrir augun. Þótti jafnan mikið koma til þess dálks, því Hammerton lét einkar vel að skrifa hann.

Eitt kveld var hann að reika úti á almenningi og gekk þvers yfir strætið; varð hann þá alt í einu var við óvanalega hreyfing á fólki spottakornálengdar til hægri handar. Það var hestr, sem hafði fælt. Sumir voru að blístra, aðrir að kalla; sumir reyndu að taka í taumana; allir vildu stöðva hestinn. En hestrinn var tryltr. Alt í einu jós hann og kastaði af sér þeim sem á honum sat; en það var kvenmaðr, og festist hún með fótinn í staðinu um leið og hún féll af baki; hestrinn rann sem óðr væri ofan strætið og dróg konuna á eftir sér.

„Stöðvið hann! Bjargið henni!“ æpti fólkið. „Stöðvið hann! Hann drepr hana!“

Það voru sjáfsagt hundrað menn sem hlupu fram á strætið í veg fyrir hestinn, hóuðu og héldu upp höndunum á móti honum, og hörfuðu svo undan, er hestrinn nálgadist þá; en hestrinn rann fram hjá þeim enn óðari af hræðslu en áður við öll þessi læti, og var voðalegt að sjá, hversu hann dróg kvenmanninn á eftir sér.

Það var Miss Telesford.

Hammerton greip tveim höndum um einn bekkinn, sem stóð undir tré við gangstéttina, og hljóp með hann í fanginu út á mitt strætið. Hann athugaði vel, hvað langt hestrinn átti eftir að honum og hve hratt hann fór; og einmitt á rétta augnablikinu, er hestinn bar þar að, stökk hann til, og rétti bekkinn fram þvers fyrir hestinn. Hestinum varð fótaskotr og féll um bekkinn og í sama vettvangi köstuðu ótal hraustir menn sér yfir hann og héldu honum. Kvenmanninum var bjargað og var hún borin heim til sín. En er hestrinn hljóp á bekkinn, sem brotnaði í smátt, sló bekkirinn Hammerton um koll; varð hann undir bekknum og rotaðist, var hann tekinn upp meðvitundarlaus og borinn inn í næsta hús.

Hann lá marga daga í óviti, og var honum varla hugað líf. En svo einn dag lauk hann upp augunum, og sá Peltier yfirprentara sinn sitja þolinmóðlega við rúmstokkinn.



„Pelt, þér sjáið um fyrir mig að koma blaðinu út þessa viku“, mælti hann.

„Já, verið þér róleg. Það skal ekki haggja um blaðið“.

„Pelt“, mælti sjúklingurinn aftr eftir stundar-þögn, og leit upp stórum augum; „þér hafið rakað yðr“.

„Ójá“, svaraði Peltier, og var eins og kæmi á hann hálfildings vand-ræðasviper; „mér fanst það fara betr“.

Hann átti annríkt þessa daga. Enginn maðr, sem fyrir daglaunum hefir unnið, hefir nokkru sinni unnið dyggilegra tíu stunda verk, og þar á ofan flaug hann fram og aftr um allan bæ á kveldin eftir vinnutíma til að tína saman nýjungar. Hverjir gestir komu til Warsaw? Hverjir af bæjarmönnum voru að heiman? Hvaða fólk var gefið í hjónaband? Og hverjir dóu? Hverjir keyptu? Hverjir seldu? Hvað var verðlagið? Hvað var fólk tíðræddast um í bænum? Ef þú vildir vita það, þá var ekki annað en lesa „Segulstálið“, það sagði frá öllu.

Og eftir að öllu öðru var lokið, þá sat hann eina klukkustund á hverju kveldi við rúmstokk húsbónda síns, hann talaði fátt; en það litla miðaði alt að því að gera sjúklinginn rólegri. Hann svaraði öllum spurningum hans svo rólega og hughreystandi, að það var betra en nokkurt heilsulyf.

Þessi óheflaði, en drenglyndi maðr var himinglaðari en frá megi segja, að sjá blaðinu vaxa útbreiðsla og hylli með hverrri viku. Og dag frá degi batnaði fjárhagrinn. Á því að ganga daglega víðsvegar um bæinn og heilsa upp á kaupmennina, vannst honum talsvert af auglýsingum.

Eitt kveld varð Mr. Lavater samferða Peltier áleiðis, er Peltier var á leið til að vitja um Hammerton, sem lá veikr enn. Auðmaðurinn Lavater var vandr að því, með hverjum hann lét sjá sig á gangi, hann var ekki vanr að verða samferða þeim fyrsta og bezta, sem á vegi hans varð; hann var vanr að ganga einn sér ef hann átti ekki kost á samferð einhvers þess, er honum líkaði. En það var eingin ástæða til fyrir hann að forðast að verða Peltier samferða. Peltier var í nýlegum fötum úr skozku vaðmáli; hann bar sig eins og maður sem kann

alla góða manna siði, og gat látið það sjást, ef honum þótti þess um vert.

„Ég trúí Miss Telesford hefði komið til Mr. Hammerton í dag, að vitja um hann“, sagði auðmaðurinn. „Hún er honum víst mjög þakklát. Hann bjargaði vafalaust lífi hennar, þó að hann vissi ekki þá, hver það var, sem hann bjargaði“.

„Já, hann gerði sannarlega drengilegt bragð“, sagði prentarinn. Honum gæzt aldrei að þessum auðuga manni, Mr. Lavater. Honum kom til hugar veðlánið, endurnýjun bæjarskulda-bréfanna og prentsmiðjan. Hvað vildi þessi auðkýfingur með að vera að grennslast eftir líðan Hammertons? Langaði hann til að ritstjóranum færi að batna, svo hann gæti farið að nota hann aftr að sínum tilgangi?

„Ég ætla að líta snöggvast upp á skrifstofuna til yðar á morgun, Peltier minn“, sagði Mr. Lavater nokkru síðar, er þeir komu út úr herberginu, þar sem Hammerton lá. „Ég hef dálitla grein handa yðr í blaðið“.

„Gott er það“, svaraði prentarinn og hélt leiðar sinnar til kostsöluhússins, þar sem hann átti heima. En er hann kom á skrifstofu „Segulstálsins“ næsta morgun, lét hann það vera sitt fyrsta verk að taka fram stærsta auglýsinga-tréletrið, sem til var í prentsmiðjunni og setja úr því eina línu á dökkgult spjald. Það voru þessi orð:

**„Ég stjórna þessu blaði“.**

Negldi hann svo spjalðið með línu þessari á upp yfir skrifborðið á þilið.

Stundu síðar kom auðmaðrinn þangað inn á skrifstofuna; hafði hann meðferðis dálkslanga grein, sem fór fram á ýmsar breytingar á fyrirkomulagi slökkvímála bæjarins.

„Ég hef átt tal við æði marga um þetta“, mælti hann, „og þeir hafa allir verið á sama máli og ég. Það er skömm að því, hvernig gengr hér með fyrirkomulagið á þessum málum; bæjarstjórnin á skilið að fá duglega ádrepu“.

Peltier leit yfir greinina og fékk honum hana svo aftr.

„Getið þér tekið hana í blaðið þessa viku?“

„Ekki held ég það“.

„En í næstu viku þá?“

„Nei, ekki heldr.“

„Og því þá ekki, má ég spyrja?“ sagði nú Mr. Lavater nokkuð stýggleggr í bragði; því að enda stilling-armenn geta skipt skapi.

„Það skal ég segja yðr“, svaraði Peltier. „Það er af því, að ég ætla ekki að láta „Segulstálið“ taka þessa stefnu í málinu. Hammerton getr gert hvað hann vill, þegar hann er orðinn heilbrigðr aftr og tekinn við blaðinu; en ég ætla ekki að stofna blaðinu í neinn vanda.“

„En það sem ég fer fram á, er beinlínis til hagsmuna fyrir almenning“

„Ef þér eruð viss um það, þá setjið þér nafnið yðar undir greinina, og þá skal ég prenta hana á fyrstu síðu í blaðinu“.

En það var ekki það sem Mr. Lavater kærði sig um. Hann vildi helst fá að skrifa nafnlausar greinar í ritstjórnarinnar nafni: og ef hann heyrði að ritstjórnargein féll almenningi vel í geð, þá vildi hann geta trúað vinum sínum fyrir því, og hafði ekkert á móti þótt það bærist lengra, að þessi ritstjórnargrein væri eftir sig. En ef greinin mæltist illa fyrir, svo að fólk bann-söng ritstjórnann fyrir, þá kærði Mr. Lavater sig ekki um að gangast við faðerninu.

„Ég get velgt ykkur ónotalega undiruggum, bæði yðr og Mr. Hammerton, ef mér sýnist svo, „mælti hann og dróg heldr óverðrblíku upp umhverfis varirnar, — þessar varir, sem annars lék sífelld brosur um þegar góðviðri var í lofti.“

„Hvernig þá?“

„Með því að gera fjárnám fyrir veðskuldinni.“

Eigingirninn og grimdin skinu út úr hótun hans.

„Það verðr svo að vera. Hammerton fól mér að stjórna blaðinu, og ég segi yðr það satt, að þessi grein fer ekki í blaðið, nema þér feðrið hana. Sjáið þér spjalðið þarna? Þegar Hammerton kemst til heilsu aftr, þá ætla ég að skila honum blaðinu aftr eins góðu og ég tók við því“.

„En ef honum batnar nú ekki?“

„Þá þarf hann ekki á blaði að halda“.

Mr. Lavater heimsótti ekki sjúkling-

inn þetta kveld. Og þegar Peltier kom til Hammertons um kveldið og sagði honum frá viðburðum dagsins, þá slepti hann að geta um heimsókn Mr. Lavaters á skrifstofu blaðsins. Hamerton var lakari eftir þetta kveld. Læknirinn sagði það væru sóttbrigðin, annað hvort til bana eða batnaðar, sem nú færu að. Miss Telesford hafði verið yfir honum alt síðdegið, og hélt hún því fram mörg síðdegi eftir það.

„Hann hefur alt af verið að tala um blaðið í dag“, mælti hún; hann hefur miklar áhyggjur af veðskuldinni. Getum við gert nokkuð við því?“

Peltier sagði henni frá samfundum þeirra Lavaters, og hvað þeim hafði á milli farið.

„Halðið þér hann ætli að ganga að veðinu með fjárnámi?“

Það er ég mjög hræddur um“, svaraði prentarinn kvíðvænlega.

„Getið þér þá ekki keypt það, ef það yrði selt?“

„Góða mín“, sagði prentarinn alvarlega; ég gæti ekki keypt svo mikið sem nafnbríkina, sem hangir við dyrnar. Ég vildi glaðr gefa aðra höndina til að frelsa eignina fyrir Hamerton; en ég er einskis um megnugr.“

„Gætuð þér það ekki ef ég legði fram peningana?“

Peltier varð eins starsýnt á hana eins og þó hún hefði lagt til að gera kraftaverk. En svo áttaði hann sig fljótt á því, hvað tilboð hennar var reyndar eðlilegt. Hamerton hafði frelsað líf hennar; nú vildi hún launa honum lífgjöfina. Ojá- nú fór hann að skilja! Hér bjó ugglaustr meira undir. En hvað hann virti hana og þótti vænt um hana! Honum fanst augnarád hennar sólgeislum bjartara. Honum fanst svipr hennar öllum sannleiks- uppsprettum hreinni.

Jú, feginn kvaðst hann vilja hjálpa henni til þessa.

„Þá skal ég færa yðr peningana á morgun. Þér getið keypt veðskuldina í sjálfs yðar nafni, en ekki mínu, og afhent svo Hamerton eignarréttinn.“

Hann skildi vel, hvernig hún vildi haga þessu. Hann sat alt þetta kveld hjá sjúklingnum fram að miðnætti, og var að velta fyrir sér ánægjusemd þeirri sem biði Hammertons þegar honum batnaði.

Þegar Peltier var að opna póstbréfin til skrifstofunnar næsta morgun, var eitt af þeim tilkynning um málishöfðun af hendi L.M. Lavaters gegn J.Q. Hamerton út af veðskuld að upphæð tvær þúsundir dollara með vöxtum. Tíu dögum síðar kom málið fyrir rétt og var dómur samstundis upp kveðinn; skyldi samkvæmt honum fjárnám gert í veðinu, prentáhöldum og blaði Hammertons og þetta alt selt í einu lagi næstkomandi þriðjudag.

Sumir Varsaw-búar láðu Lavater þetta, og þótt það harðneskjulegt, ekki sízt að sæta nú færinu meðan Hamerton lá veikr. En Lavater gekk um kring og prédikaði fyrir mönnum, hve mikið tjón hann hefði þegar beðið við að vera of línr að ganga eftir skuldinni, og nú bættist ofan á sú áhætta, að veðið færi dagrýrnanði, þar sem þessi prentara flækings-ræfill, þessi Peltier, stjórnaði blaðinu.

Þegar á uppboðið kom, mætti þar Peltier og horfði framan í Lavater svo djarflega eins og Mammon skyti honum engum skelk í bringu. Skuldeigandinn bauð sjálf fyrsta boð: þrettán hundruð þrjátíu og þrjá dollara; það voru einmitt tveir þriðjungar af skuld- arupphæðinni. Peltier bauð hundruð dollurum betr, og stóð upp um leið; allir, sem við voru, urðu mjög hissa og stöðu á Peltier.

„Seytján hundruð“, kallaði Lavater reiðilega.

„Átján hundruð“, svaraði Peltier stillilega.

„Ég mótmæli því“, mælti Lavater, „að tekið sé til greina boð frá slíkum manni: hann er allslaus vinnumaðr, á ekki bót fyrir r....“

„Halðið þér yður saman, Mr. Lavater“, mælti nú Peltier styggilega. Hann dróg upp kambpung úr vasa sínum og fór að telja fram féð: hann lagði 18 slétta og ókvolaða seðla á borðið fram fyrir uppboðshaldarann, og stóð stórt „C“ með flöskugrænum lit á hverjum þeirra. Svo leit hann djarflega framan í maurapúkann.

„Nítján hundruð“, hvæsti Mr. Lavater.

„Tvö þúsund“, svaraði Peltier hvatlega, og varð feginn að hann gat orðið fyrir til að nefna þá upphæð.

Lavater þagði um hríð og virti manninn fyrir sér.

„Peltier minn“, mælti hann svo ofr- mjúklega; „finnið þér mig hérna fram fyrir augnablik. Við skulum jafna þetta með okkr í bróðerni“.

„Og það er best að útkljá það hér þar sem við erum“, svaraði Peltier þurrlega. „Þér byrjuðu á þessu. Þér hélduð honum í skuldasambandi meðan hann var heilbrigðr, og nú reynið þér að ræna hann aleigu sinni meðan hann er veikr. Það er vafalaust tilgangr yðar að skjóta aldrei fyrir mark, en ávallt hitta, eins og Pope segir; en í þetta skifti hafið þér skotið yfir markið. Hvort viljið þér nú heldr taka við upphæð skuldarinnar með laga-vöxtum eða halda áfram að bjóða betr?“

Lavater gafst upp. Hann seldi og afhenti skuldkröfurétt sinn prentaranum Latone Peltier. En það var ekki óðara þurt blekið af afsalsskjalinu og Lavater kominn út úr dyrunum, heldr en kaupandi lét útbúa löglegt skjal þess efnis, að hann seldi og afhendi í hendr J.Q. Hamerton allan þann eignarétt til skuldarinnar, er hann hafði nýkeypt, og hélt hann síðan beina leið af uppboðsstaðnum á skrifstofu „Segulstálsins“ og var svo innilega glaðr og þakklátr í huga eins og hann væri nýbúinn að erfa „öll ríki veraldar og þeirra dýrð“, eða alls hans óvinir hefðu verið gerðir að fót- skör hans.

Daginn eftir var alt þetta mál hljóð- bært orðið um alla Warsaw, og hafði Lavater af öllu hina mestu svírörðing. Og öllum mönnum í Warsaw, háum og lágum og af öllum flokkum, kom ásamt um að lofa drengskap Miss Telefords. Það átti einmitt svo vel við að peningar hennar verðu nú Hamerton velferðartjóni, eins og hann hafði varið hana líftjóni. Trygð Peltiers, hans dyggilega stjórn á blaðinu og prent- smiðjunni og óþreytandi umhyggja fyrir sjúklingnum, um það alt var líka talað. Honum bærust til eyrna hlýleg ummæli, og þessi fósturjarðarlausí útlendingr, þessi maðr sem litla sam- blendni hafði haft við alla aðra menn, þessi maðr, sem hafði fyrirliðið alla tízku þar til slysför þessi hafði komið honum í nánari kynni við snyrti og auðsæld – þessi maðr var nú í háveg- um hafðr. Það vakti með honum sjálfs- meðvitund um manngildi sitt: hann

var nú talinn með málsmetandi mönnum og hvers manns jafningi.

Hammerton var nú farið að batna og Miss Telesford kom nú sjaldnar að vitja hans. Hann hafði frétt, hvað hún hafði gert fyrir hann, og hann reyndi að tjá henni þakklæti sitt; en orðin voru svo tóm. Og svo hafði hún undir eins þaggað það niðr í honum.

„Það hefði verið mjög varmenskullegt af mér að láta yðr biða velferðartjón, þegar mér var svo auðvelt að koma í veg fyrir það. Nú getið þér átt frjálst að stýra blaðinu yðar án nokkurra áhrifa frá neinum öðrum; og ég óska yðr af heilum hug bezta gengis. Verið þér nú sælir“.

Með þessum orðum kvaddi hún hann og fór. Þegar hún kom fram úr dyrunum mætti hún Peltier.


„Fylgið þér mér heim“, sagði hún við hann. „Mig langar til að tala við yðr“.

Hann fylgdi henni heimleiðis, og gengu þau almenninginn undir elmitrjúnum og fara hjá blettinum, þar sem hún hafði ratað í lífsháskann sunnudagskveldið sæla.

„Ég vildi minnst á Mr. Hammerton við yðr“, sagði mærin. „Hann verður nú orðinn svo góður að viku eða hálfum mánuði liðnum, að hann fer aftr að koma á skrifstofuna, og þá verði þér að reyna að styrkja hann. Hann er vel gefinn maður og göfug sál og alls góðs maklegr í lífinu. Fáid þér hann til að standa öruggari gegn þessum mönnum, sem vilja reyna að hafa áhrif á hann í sína þágu. Látið þið „Segulstálið“ spegla sjálfs hans sál, en ekki vera að reyna að gera til hæfis öllum skoðunum í bænum. Kennið honum að virða blaðið sitt svo mikils, að hann láti það aldrei segja nokkurt orð, sem hann sjálfr mundi eigi vilja segja við vini sína; því að við erum öll vinir hans“.

„Já“, sagði Peltier, nærri spaugandi, þrátt fyrir alvörubrag þann sem var á Miss Telesford; „en á ég að vera aleinn ráðunautr hans í öllu þessu? Vill hann ekki hlýða á yðar tillög?“

Það var óneitanlega unaðslegur ástarsvipur á andliti hennar, og það var undarlegt – næsta undarlegt af konu, sem var svo blátt áfram eins og hún – hvað hún forðaðist undarlega mikið að líta framan í Peltier.



„Ég vil ekki ráðleggja honum neitt“, sagði hún. Og litlu síðan bætti hún við nokkru ljósara: „Ég mun aldrei eiga neinn rétt á að vera ráðgjafi hans. En þér verðið að vera það, því hann er svo veikur – svo veikur fyrir.“

„Svo þér segist aldrei munuð eiga neinn rétt á að vera ráðgjafi hans“, varð Peltier alveg ósjálfrátt að segja í hálfum hljóðum: og hann var að velta fyrir sér þessu svari hennar þangað til þau komu að hliðinu fyrir framan heimili hennar.

„Góða nótt!“ sagði hún og rétti honum hendina. „Í öllu þessu máli hafði þér sýnt að þér hafið ágæta hæfileika og eruð sannr heiðursmaður. Það er mér mikil ánægja að hafa kynnt yðr svo vel.“

Og svo hvarf hún alt í einu frá honum. Orð hennar voru svarafátt; og nú var hann þarna alt í einu kominn á heimleiðina án þess honum hefði orðið að veigi að koma fyrir sig að svara nokkru orði. En honum fanst alla heimleiðina eins og hann vera gagnstekinn af einhverju ókunnnu afli.

Hann hélt til skrifstofu „Segulstálsins“ og hélt upp stigum eins og í draumleiðslu. Gat hún hafa átt við – nei það var óhugsandi. Svo hátt þorði hann ekki að hugsa. Hann lét í pípunna sína og kveykti á spitu; en áður en

hann styngi munnstykkinu upp í sig hætti hann við og lagði pípunna hægt frá sér. Hann gekk um gólf í herberginu fulla klukkustund; loks gekk hann að glugganum og leit út yfir bæinn í kveldkyrröinni. Barátta hans við sjálfan sig var ekki ókarlmannleg. Nú var stjarna hans á loft komin og virtist ekki standa fjær en rétt svo, að hann gæti náð til hennar. Átti hann að seilast eftir henni? Mundi fegurð hennar lifa það, ef hann snerti við henni?

„Ég er ekki hennar verður“, mælti hann að lokum; „en er nokkur hennar verður? Hefir ekki viðkyrningin við hana hafið mig herra?“

Þverrandi tunglið lýsti honum og haustblómin önguðu að honum ylm sínum, er hann gekk á vonum sínum og staðnæmdist ekki fyr en við húsdyr hennar.

Þegar hann kom út aftr, var tunglið sezt. Þunn og þétt vætusky, eftirstöðvar fyrirfarandi rigningar, liðu yfir loftið í flókum og skygðu af og til á stjörnurnar; en þess á milli skein í heiðskirt stjörnubjart loftið bak við skýin.

Það var ekkert herbergi nógu stórt handa honum þá nótt. Hann gekk sig þreyttan fram með áni, og það var komin dögur er hann kom heim og lagðist í rekkju. En aldrei hefir maður sælli í hjarta hallað höfði að svæflinum heldur en Peltier þennan morgun.

# Til varnar blaðamennsku

**Á sérstökum samevrópskum baráttudegi sem bar yfirskriftina „Til varnar blaðamennsku“ sendu formenn norrænu blaðamannafélanna frá sér ávarp. Þetta ávarp fer hér á eftir:**

Mánadaginn 5. nóvember hófst herferð um alla Evrópu undir heitinu *Stand up for journalism*. Tilgangurinn er að standa vörð um blaðamennsku og ritstjórnarleg gæði, og að beina sjónum manna í ríkari mæli að hlutverki blaðamennskunnar í þjóðfélaginu. Og ekki að ástæðulausu því blaðamennskan á undir högg að sækja.

Blaðamennska og fjölmiðlar hafa þróast mjög hratt, og það er mikilvægt að blaðamenn fylgist með til að fjölmiðlar ræki sitt hlutverk í samfélaginu. Því er þörf á nýrri þekkingu og aukinni hæfni. Þetta á við um mörg svið blaðamennskunnar, menn þurfa annaðhvort að læra á ný verkfæri, öðlast sérþekkingu eða sækja sér menntun í t.d. lögfræði, siðfræði og tölfraði. Fjölmiðlafyrirtækin verða í ríkari mæli en í dag að líta á aukna hæfni sem eina höfuðforsendu þess að geta boðið notendunum upp á sem mest gæði. Með harðnandi samkeppni í framtíðinni verður hæfni blaðamanna enn mikilvægari en áður.

Í fjölmiðlageiranum bjóðast mörg tækifæri til að auka hæfni sína en það eru fáir sem nýta sér þau. Margir blaðamenn segja að þá skorti tíma til að sækja endur- og framhaldsmenntun, álagið í vinnunni sé of mikið eða að fyrirtækið setji ekki í forgang að greiða fyrir slíkt. Við bendum á mikilvægi þess að tryggja rétt manna til að auka hæfni sína þannig að við störf í blaðamennsku séu gæði og trúverðugleiki í öndvegi.

## Gott vinnuumhverfi

Gott vinnuumhverfi er ein höfuðforsenda ritstjórnarlegra gæða. Tryggja þarf mönnum nógan tíma til rannsóknavinnu, taka viðtöl við fleiri heimildarmenn og gera þeim kleift að vinna vel



Arna Schram formaður BÍ.

úr efninu. Gæðin aukast einnig ef þeir blaðamenn sem ráðnir eru á ritstjórnirnar koma úr ólíkum áttum og búa yfir fjölbreyttri þekkingu.

Sú sprenging sem orðið hefur á fjölmiðlamarkaði með nýjum fríblöðum, sjónvarpsfréttastöðvum sem senda út allan sólarhringinn, fréttum á netinu og í farsímum hefur valdið aukinni samkeppni um fréttirnar. Mestu skiptir að vera fyrstur, fljótastur og beittastur. Afleiðingin getur orðið sú að sögurnar verða hver annari lík, þær byggja á einni heimild, menn taka oftár áhættu og við gætum setið uppi með blaðamennsku sem rýrir traust borgaranna á fjölmiðlum.

Öllum sem koma að fjölmiðlun ber að leggja sitt af mörkum til að tryggja sem best starfsumhverfi, blaðamönnum, borgurum og fjölmiðlafyrirtækjum til hagsbóta.

## Þörf fyrir fjölbreytileika

Til að uppfylla samfélagslegt hlutverk sitt er mikilvægt að fjölmiðlar bjóði upp á fjölbreytileika í frásögnum og skoðunum. Forréttindi eins og niðurfelling á virðisaukaskatti og aðrar stuðningsaðgerðir eru dæmi um leiðir til að tryggja slíkan fjölbreytileika. Auk þess er mikilvægt að tryggja fjölbreytileika meðal eigenda, það býður upp á fleiri raddir í þjóðfélagsumræðunni. Við megum ekki eiga á hættu einokun í eignarhaldi á fjölmiðlum, því það hefði alvarlegar afleiðingar fyrir opinbera umræðu.

Við þetta bætist að tryggja þarf rit-

stjórnarlegt frelsi og sjálfstæði, það er auk þess skylda hvers þjóðfélags að auka aðgengi að upplýsingum um hvernig völdum er skipt, þannig að borgararnir geti tekið þátt í opinni samfélagsumræðu. Í kröfunni um gagnsæi í þjóðfélaginu ber fjölmiðlum að vera í fararbroddi með það að markmiði að öðlast sem mest traust.

## Höfundarréttur

Það er blaðamenskunni nauðsyn að sameiginlega sé staðinn vörður um höfundarrétt. Ef eigendur fjölmiðla öðlast allan rétt á tímum þar sem eigendur verða stöðugt færri og sterkari getur það leitt til þess að fjölbreytileikinn snúist upp í einstefnu. Verði það raunin dregur úr möguleikum borgaranna til að afla sér upplýsinga.

Höfundarréttur eru réttindi sem gefa blaðamönnum tækifæri til að hafa stjórn á verkum sínum, svo þau verði hvorki misnotuð né skrumskæld. Á meginlandinu og á Norðurlöndum er höfundarréttur bundinn við einstaklinga. Í hinum engilsaxneska heimi eiga starfsmenn engan höfundarrétt á eigin verkum - fyrirkomulag sem margir norrænir eigendur fjölmiðla gætu einnig hugsað sér. Því var það mikilvægur sigur fyrir alla norræna blaðamenn þegar danska menningarmálaráðuneytið samþykkti nýlega að fara ekki fram með lagabreytingu á þessu sviði.

Á degi þegar evrópskir blaðamenn segja *stand up for journalism* er vert að staldra við og hugleiða hvernig við öll stöndum vörð um blaðamenskuna.

Arna Schram, formaður Blaðamannafélags Íslands, Elin Florberghagen, formaður Norsk Journalistlag, Agneta Lindblom-Hulthén, formaður Svenska Journalistförbundet, Artos Niemenen, formaður Finlands Journalistförbund, Anna Ellingsgaard, formaður Føroya Bladmannaafelag og Mogens Blicher Bjerregård, formaður Dansk Journalistforbund.

# Morgunblaðið ekki brotlegt

Mál nr. 2/2008-2009

Kærandi: Svavar Kjarrval.

Kærdú: Morgunblaðið og Silja Björk Huldudóttir, blaðamaður.

**Kæruefni:**

Umfjöllun Morgunblaðsins um leikinn „RapeLay“ og félagið Istorrent sem rekur vefinn torrent.is.

**Málsmeðferð:**

Málið er kært til siðanefndar með ódagsettu bréfi frá Svavari Kjarrval fyrir hönd stjórnar Istorrents, póstlögðu 28. júní 2007. Með kærinni fylgir ljósrit af baksíðu Morgunblaðsins og útprent af sömu frétt eins og hún birtist á vefsíðunni mbl.is. Siðanefnd leitaði viðbragða hjá ritstjórn Morgunblaðsins og barst svar frá fréttaritstjóra Morgunblaðsins Birni Vigni Sigurpálssyni 6. september 2007. Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands fjallaði um málið á fundum 27. ágúst, 25. september og 15. október 2007.

**Málavextir:**

Morgunblaðið birti frétt um leikinn „RapeLay“ á baksíðu þann 24. maí 2007 undir fyrirsögninni „Nauðgunarþjálfun á Netinu“. Í undirfyrirsögn segir: „Á íslensku vefsvæði er hægt að nálgast tölvuleik sem hefur það að markmiði að þjálfna þátttakendur í nauðgunum.“ Greinin sjálf hefst svo: „Hægt er að nálgast tölvuleikinn RapeLay í gegnum íslenska vefsvæðið torrent.is.“ Nokkru síðar segir í greininni að ekki komi fram á vefnum hver reki vefsvæðið. Þá segir í nokkurs konar útdrætti undir fyrirsögninni: Í hnotskurn; „RapeLay er japanskur þrívíddar tölvuleikur sem fyrst kom fram á sjónarsviðið í apríl 2006.“ Þar segir einnig: „Istorrent, sem stendur að baki vefnum torrent.is, er áhugamannafélag um skráardeilingu, stofnað árið 2005.“

Kærandi skiptir kæru sinni í nokkra

hluta. Í meginatriðum sakar kærandi greinarhöfund Morgunblaðsins um að hafa „viljandi eða af alvarlegu gáleysi ekki gert almennilega tilraun til þess að hafa samband við fulltrúa Istorrent áður en greinin var birt,“ og bendir á að hægt hefði verið að fá upplýsingar um stjórnendur vefsvæðisins eftir ýmsum leiðum. Kærandi sakar líka greinarhöfund og Morgunblaðið um að hafa sleppt því að nefna mikilvægar tæknilegar staðreyndir og þannig látið í veðri vaka að stjórnendur vefsvæðisins hefðu gert leikinn aðgengilegan á vefsvæðinu að eigin frumkvæði. Með þessu hafi greinarhöfundur reynt að sverta orðspor Istorrents. Þá hafi fyrirsögn greinarinnar gefið ranga eða ýkta mynd af tilgangi leiksins og hafi hún greinilega verið valin „til þess eins að sverta álit almennings í garð starfsemi Istorrents.“

Kærandi sendi ritstjórn Morgunblaðsins bréf og krafðist þess að hún bæðist afsökunar. Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, svaraði kæranda fyrir hönd blaðsins og sagði að ekkert tilefni væri til þess.

Í svari ritstjórnar Morgunblaðsins til siðanefndar segir að reynt hafi verið að ná sambandi við forráðamenn torrent.is en það hafi ekki tekist þann dag. Lýsingar á leiknum hafi verið sannreyndar og fréttin því birt þótt ekki hefði tekist að ná í forráðamenn vefjarins. Þá er því vísað á bug að reynt hafi verið láta fréttina „hljóma svo að Istorrent hafi átt meiri hlut í dreifingu leiksins en raun bar vitni,“ eins og segir í kærinni. Skýrt hafi verið tekið fram í fréttinni að um sé að ræða japanskan þrívíddarleik sem hægt sé að nálgast í gegnum íslenska vefsvæðið torrent.is. Hvergi hafi verið látið í veðri vaka að forráðamenn Istorrents hafi dreift leiknum, heldur einmitt tekið fram að torrent.is sé áhugamannafélag um skráardeilingu. Hvað varðar fyrirsögnina segir í svari Morgunblaðsins

að eðli slíkra leikja sé þannig „að með því að iðka þá oft æfast þeir sem leikinn stunda og ná meiri hæfni í viðfangsefni hans, í þessu tilfalli „að nauðga“.“ Ekki sé heldur verið að fela það í heiti leiksins „RapeLay“.

**Umfjöllun:**

Siðanefnd tekur undir það sjónarmið Morgunblaðsins að fyrirliggjandi staðreyndir hafi verið nægar til að birta fréttina þótt ekki hafi tekist að ná í forsvarsmenn vefjarins.

Þá fær siðanefnd ekki séð að umfjöllun Morgunblaðsins hafi verið með þeim hætti að reynt hafi verið að sverta orðspor Istorrents. Hvergi er sagt að forsvarsmenn vefjarins annist sjálfir dreifingu leiksins heldur einungis að hægt sé að nálgast leikinn í gegnum vefsvæðið. Að auki er tekið fram að vefsvæðið sé rekið af áhugamannafélagi um skráardeilingu. Siðanefnd telur að að ósekju hefði mátt koma fram í greininni hvað felst í skráardeilingu en Morgunblaðið reifaði það hins vegar ítarlega í grein um torrent-dreifingu sem birtist nokkrum dögum síðar eða laugardaginn 26. maí.

Siðanefnd telur ekki að fyrirsögn greinarinnar hafi gefið ranga eða ýkta mynd af tilgangi leiksins enda snýst leikurinn beinlínis um það að þegar leikmaðurinn hefur nauðgað þremur konum kemst hann á svokallað þjálfunarstig og getur þá haldið nauðgununum áfram á níu mismunandi vegu.

**Úrskurður:**

Morgunblaðið telst ekki hafa brotið gegn siðareglum Blaðamannafélags Íslands.

Kristinn Hallgrímsson  
 Brynhildur Ólafsdóttir  
 Jóhannes Tómasson  
 Salvör Nordal  
 Sigurveig Jónsdóttir

# Ríkisútvarpið ekki brotlegt

## Mál nr. 3/2007-2008

*Kærendur: Eva Hauksdóttir fyrir sína hönd og ellefu annarra þátttakenda úr mótmælaaðgerðum Saving Iceland.*

**Kærði: Ríkisútvarpið ohf.**

### Kæruefni:

*Umfjöllun um mótmæli Saving Iceland í fréttum og Kastljósi sjónvarpsins*

### Málsmeðferð:

Málið var kært til siðanefndar með bréfi tólfmenninganna dagsettu 22. ágúst 2007. Með kærinni fylgdi upptaka með fréttum úr sjónvarpstíma Ríkisútvarpsins og umræður úr Kastljósi. Siðanefnd tók málið fyrir á fundi 25. september og var ákveðið að óska sjónarmiða Ríkisútvarpsins. Greinargerð frá LM Lögmönnum fyrir hönd Ríkisútvarpsins barst 12. október 2007. Siðanefnd fjallaði um málið á fundum 15. og 31. október.

### Málavextir:

Í kvöldfréttatíma sjónvarpsins þann 26. júlí var sagt frá mótmælum á vegum samtakanna Saving Iceland við Helligshéðarvirkjun. Í fréttinni kom fram að fréttastofan hefði áreiðanlegar heimildir fyrir því að þátttakendur í mótmælaaðgerðum Saving Iceland fengju greiðslur ef þeir væru handteknir af lögreglu vegna mótmæla. Í sömu frétt var haft eftir talsmanni samtakanna, Snorra Páli Jónssyni, að það væri hrein fásinna að einhverjir fengju greitt fyrir að mótmæla.

Í kæru segir að talsmaður samtakanna hafi haft samband við RÚV strax eftir að fréttin birtist og farið fram á leiðréttingu og afsökunarbeiðni. Í kvöldfréttatíma þann 29. júlí kom fram að

samtökin Saving Iceland hefðu krafið Ríkisútvarpið um að birta „gögn sem styðji þessa fullyrðingu [þ.e. að þátttakendur fengju greitt fyrir handtöku] eða biðjist tafarlaust afsökunar.“ Það var ekki gert heldur tók fréttastofa sjónvarpsins fram að hún stæði við fréttina. Kærendur fréttarinnar telja að umfjöllunin hafi brotið í bága við vandaða fréttamennsku, fréttin hafi ekki verið rökstudd á nokkurn hátt eða heimilda getið enda hafi hún verið „uppspuni frá rótum“. Umfjöllunin hafi valdið fjölda fólks sársauka og vanvirðu þar sem gefið hafi verið í skyn að mótmælendur væru „mútuþegar fremur en hugsjónafólk“.

Í umræðu um fréttir vikunnar í Kastljósi þann 27. júlí báru mótmæli Saving Iceland á góma. Þar fjölluðu tveir þekktir fjölmiðlamenn, Agnes Bragadóttir og Egill Helgason, um efnið og eins og segir í kæru „komust upp með það, án minnsta aðhalds frá stjórnanda þáttarins, að ausa óhróðri yfir okkur og félagi okkar án þess að færa nokkur rök fyrir máli sínu.“

Í svari kærða er fjallað um rétt blaðamanna til að leyna heimildum og heimildarmönnum. Fréttastofan hafi haft traustar heimildir fyrir því að a.m.k. sumir mótmælendur í hópi Saving Iceland hafi fengið greitt fyrir handtökur. Þá segir í greinargerð kærða að fréttastofan noti „ónafngreinda heimildamenn í fréttum sínum af mikilli varfærni og einungis í undantekningatilfellum.“ Þá er í greinargerðinni lögð áhersla á að skýrt hafi verið frá málinu á hlutlægan hátt og að talsmanni samtakanna hafi verið gefinn kostur á að svara fullyrðingunni og koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þetta hafi bæði verið gert í upphaflegu fréttinni, í tíufréttum sama dag, þar sem birt var viðtal við talsmenn

samtakanna, og tveimur dögum síðar þegar fjallað var um athugasemd samtakanna.

### Umfjöllun:

Siðanefnd fjallar ekki um umræður í Kastljósi þar sem skoðanir einstaklinga koma fram. Kærð ummæli úr Kastljósi eru því utan lögsögu nefndarinnar. Eftir standa fréttir RÚV í sjónvarpinu 26. júlí og 29. júlí. Í fréttinni kom fram að fréttastofa sjónvarps teldi sig hafa traustar heimildir fyrir þeirri fullyrðingu að sumir mótmælendur fengju greitt fyrir að vera handteknir af lögreglu. Siðanefnd hefur ekki forsendur til að meta trúverðugleika heimilda ríkissjónvarpsins enda hafa ekki verið lögð fram frekari gögn um efnið. Þar stendur orð gegn orði. Siðanefnd telur mikilvægt að talsmanni samtakanna hafi verið gefinn kostur á að greina frá sjónarmiðum sínum strax og fullyrðingin var sett fram og leiðrétta það sem hann taldi rangfærslur fréttastofunnar. Sjónarmið samtakanna voru ítrekuð með viðtali síðar sama kvöld. Þá var kröfu um leiðréttingu einnig komið á framfæri í fréttatíma tveimur dögum síðar. Að mati siðanefndar komu sjónarmið samtakanna því nægilega vel fram í umfjöllun fréttastofunnar.

### Úrskurður:

Ríkisútvarpið telst ekki hafa brotið siðareglur Blaðamannafélags Íslands

*Reykjavík, 31. október 2007*

*Kristinn Hallgrímsson  
Brynhildur Ólafsdóttir  
Hjörtur Gíslason  
Salvör Nordal  
Sigurveig Jónsdóttir*

# Alvarlegt brot hjá blaðamanni DV

Mál nr. 4. 2007/2008

*Kærandi: Ingjaldur Arnþórsson.*

**Kærdur: Trausti Hafsteinsson, blaðamaður á DV.**

**Kæruefni:**

*Kærd er umfjöllun DV um persónuleg málefni kæranda og fjölskyldu hans dagana 24. ágúst, 27. ágúst, 30. ágúst og 3. september 2007.*

**Málsmeðferð:**

Málið er kært með bréfi Árna Pálssonar hrl. f.h. kæranda til siðanefndar dagsettu 14. september 2007. Kærinni fylgir ljósrít af framangreindri umfjöllun DV um kæranda. Sjónarmið kærðs koma fram í andmælabréfi hans og Sigurjóns M. Egilssonar, ritstjóra DV, dags. 12. október 2007. Siðanefnd Blaðamannafélagsins fjallaði um málið á fundum þann 25. september, 15. og 31. október og 5. nóvember 2007.

**Málavextir:**

Kæran tekur til fjögurra greina sem birtust í DV í ágúst og september 2007.

Fyrsta greinin, opnuumfjöllun, birtist í DV 24. ágúst 2007. Í henni er kærandi „sakaður um andlegt og líkamlegt ofbeldi“ í fyrrsögn. Í greininni er annars vegar fjallað um ágreining á milli kæranda og fyrrverandi eigin konu hans um framkvæmd sameiginlegs forræðis tveggja barna þeirra, 11 og 15 ára, alvarleg andleg veikindi konunnar og ítrekaðar sjálfsvígstil-

raunir hennar, auk frásagna af meintri líkamsárás kæranda gegn systur sinni og „skattrannsókn“ sem kærandi sætir. Hins vegar fjallar greinin um nær sex ára gamlar ásakanir á hendur kæranda, sem er forstöðumaður meðferðarheimilis fyrir ungt fólk á Laugalandi, er hann hefur verið hreinsaður af, eins og kemur fram í síðari greinum DV og nánar verður vikið að.

Hinn 27. ágúst 2007 birtir DV athugasemdir frá forstjóra Barnaverndarstofu vegna umfjöllunarinnar frá 24. ágúst 2007, þar sem vísað er til föð-urhúsa „rakalausum“ fullyrðingum um illa meðferð kæranda á eigin börnum, fyrrverandi eigin konu, og börnum sem hlotið hafa meðferð á Laugalandi. Sama gildir um meinta líkamsárás kæranda á systur sína, sem Barnaverndarstofa telur ekki nokkurn fót fyrir. Staðfestur er í athugasemdinni ágreiningur sem er á milli skattayfirvalda og kæranda um meðferð m.a. fæðishlunninda. Einnig er birt sérstök yfirlýsing frá Deloitte sem fjallar um athugasemdir skattayfirvalda þar sem ásökunum um refsivert athæfi í bókhaldi heimilisins er vísað á bug. Loks er birt athugasemd frá DV þennan sama dag, þar sem DV biðst m.a. velvirðingar á því sem kunni að hafa verið ofsagt í umfjöllun sinni frá 24. ágúst 2007 hvað varðar meint „harðræði“, meinta líkamsárás gagnvart systur kæranda, og að kærandi hafi dregið sér „töluvert skattfé“.

DV heldur umfjöllun sinni áfram 30. ágúst og 3. september 2007. Í þeim greinum eru fyrst og fremst rifjaðar upp nærri sex ára gamlar sakargiftir gagnvart kæranda, studdar vitnisburð-

um ýmist nafngreindra eða ónafngreindra heimildarmanna, fyrrum meðferðaraðila á Laugalandi og/eða ættingja þeirra. Þar eru ítrekaðar ásakanir um illa meðferð kæranda á skjólstæðingum sínum á Laugalandi, en eins og kemur fram í athugasemd forstjóra Barnaverndarstofu sem birtist 27. ágúst 2007 í DV, hafði kærandi verið hreinsaður af þeim ásökunum mörgum árum fyrr af stjórnslu barnaverndarmála.

Í kærinni er byggt á því að hinn kærði blaðamaður, Trausti Hafsteinsson, hafi brotið 3. gr. siðareglanna Blaðamannafélags Íslands með því að sýna tillitsleysi í umfjöllun um málefni fjölskyldu kæranda. „Þar sé fjallað um veikindi eigin konu hans og sjálfsvígtilraunir hennar án þess að séð verði að hún hafi veitt samþykki fyrir því. Umfjöllunin byggir alfarið á upplýsingum frá bróður kæranda en það verði ekki talin vönduð upplýsingaöflun um svo viðkvæm mál. Þar að auki sé augljóst að málefnið eigi ekkert erindi við almenning en sé særandi fyrir börn kæranda og að líkindum móður þeirra einnig. Þá séu settar fram mjög alvarlegar ásakanir á hendur kæranda þess efnis að hann beri ábyrgð á veikindum konunnar og því að hún hafi reynt að svipta sig lífi,“ eins og segir í kærinni.

Í kærinni er því haldið fram að blaðamaðurinn hafi einnig brotið 3. gr. siðareglanna með því að birta ítrekaðar ásakanir um meint harðræði kæranda sem forstöðumanns meðferðarheimilisins á Laugalandi gagnvart skjólstæðingum sínum, þrátt fyrir að rannsókn Barnaverndarstofu hafi löngu



fyrir talið að þær ásakanir hafi ekki átt við rök að styðjast og umboðsmaður barna ekki gert athugasemdir við þá niðurstöðu.

Í andsvari Trausta Hafsteinssonar, blaðamanns, og Sigurjóns M. Egilssonar, ritstjóra DV, kemur fram að þeir telji kærnu lögmanns kæranda ónákvæma. Mótmæla þeir því að umfjöllun DV um kæranda hafi einvörðungu byggst á samtölum við bróður kæranda. „Hvað varðar þann hluta kærunnar sem lýtur að fjölskyldumálum Ingjalds er haft orðrétt eftir viðmælenda að hann beri meðal annars ábyrgð á heilsuleysi fyrirverandi eiginkonu sinnar. Fyrir liggur og er óumdeilt að mál forstöðumannsins Ingjalds og fyrrum eiginkonu hans voru til meðferðar hjá barnaverndaryfirvöldum. Meðal annars barst athugasemd um samskipti þeirra vegna eigin barna til barnaverndaryfirvalda frá geðdeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.“ Í niðurlagi athugasemdana segir: „DV þykir það frétt að forstöðumaður meðferðarheimilis fyrir unglunga hafi þrívægis verið tilkynntur til barnaverndaryfirvalda vegna harðræðis“.

## Umfjöllun:

Kærandi verður að sætta sig við opinbera umfjöllun um störf sín, þótt gera verði eðlilega kröfu til fjölmiðla um

sanngirni. Ekki þarf að koma á óvart að skjólstæðingar sem sæta innlögn og meðferð gegn vilja sínum hafi sitt hvað við það að athuga. Siðanefnd telur orka tímælis hvort kærandi hafi notið nægjanlegrar sanngirni í umfjöllun DV 24. ágúst til 3. september 2007. Þar eru rifjaðar upp sex ára gamlar ásakanir um meint harðræði kæranda sem forstöðumanns meðferðarheimilisins á Laugalandi gagnvart skjólstæðingum sínum, þrátt fyrir að barnaverndaryfirvöld hafi hafnað þeim.

Öðru máli gegnir um umfjöllun DV um persónuleg málefni kæranda, fyrirverandi eiginkonu hans og barna þeirra. Vægðarlaus umfjöllun um deilumál tengd skilnaði kæranda og fyrirverandi eiginkonu hans, er ekki verður felld undir annað en persónulegan harmleik, og ekki sist umfjöllun um alvarleg andleg veikindi konunnar og sjálfsvígstílaunir hennar, eiga ekkert erindi í fjölmiðla. Í því efni breytir engu þótt frásögnin sé höfð eftir þriðja aðila. Umfjöllunin jafngildir nafnbirtingu bæði konunnar og barna þeirra og er til þess fallin að skaða saklaust fólk.

Fullyrðingar um meinta líkamsárás kæranda gagnvart systur hans virðast tilhæfulausar. Sama gildir um meintan fjárdrátt kæranda á skattfé sem virðist fjalla um ágreining milli kæranda og endurskoðanda hans annars vegar

og skattayfirvalda hins vegar um túlkun á ákvæðum skattalaga, meðal annars um hlunnindi.

Að framangreindu virtu er ljóst að umfjöllun DV hinn 24. ágúst 2007 var óvönduð og þar víða pottur brotinn. DV dregur nokkuð í land með athugasemdum sínum hinn 27. ágúst 2007 (ranglega dagsett sem 12. júlí 2007 í blaðinu sjálfu) en þær duga hvergi nærri til þess að rétta hlut kæranda. Það sem eftir stendur eru annars vegar einkamálefni kæranda og fjölskyldu hans sem borin eru á torg án þess að séð verði hvaða erindi þau eigi í fjölmiðla og hins vegar þungar ásakanir um líkamsárás og skattamál. Auðveldlega hefði mátt afla nákvæmari og réttari upplýsinga um þau mál.

## Niðurstaða:

Kærði hefur brotið gegn 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands með umfjöllun sinni um kæranda og fjölskyldu hans í DV 24. ágúst 2007. Brotið er alvarlegt.

Reykjavík, 5. nóvember 2007

Kristinn Hallgrímsson  
Hjörtur Gíslason  
Brynhildur Ólafsdóttir  
Salvör Nordal  
Sigurveig Jónsdóttir



## MÁLFARSHORN

### Sagnir/hættir

#### • Í endursögn skal nota viðtengingarsátt:

- Forseti segir að það sé ...
- Sakborningarnir sögðu að það væri...
- \*Ráðherra segir að það er ...

(Ath. Stjórnumerka setningin er ótæk)

#### • Viðtengingarsátt á að nota þegar um er að ræða samtengingarnar:

#### „þó að“, „þótt“, „enda þótt“, „til að“ og „til þess að“:

- Hann fór þó að hann væri ekki búinn
- Hún beið til þess að hann kæmist með
- Í spurnarsetningum er framsöguháttur:
- Geturðu sagt mér hvað klukkan er?
- Þú sagðir mér ekki hvað klukkan var orðin margt!

- Viltu athuga hvort nemendurnir eru mættir?

- Óvíst er hvort nokkuð verður úr framkvæmdunum

#### • Ath. þó eftirfarandi setningar. Þær eru ekki beinar spurningar og einhver vafi til staðar:

- Hann spyr hvað hæft sé í þessu
- Við spurðum hvort nokkur kæmi

# Bloggmáli vísað frá

Mál nr. 5. 2007/2008

Kærandi: Rannveig Rist.

**Kærdur: Þórður Snær Júlíusson, fyrrverandi blaðamaður Fréttablaðsins og núverandi blaðamaður 24 stunda.**

**Kæruefni:**

Kærð er umfjöllun kærðs um kæranda á vefsíðu hans <http://thessarelskur.blog-spot.com> og birtist þar 12. febrúar 2007.

**Málsmeðferð:**

Málið er kært með bréfi Hjördísar Halldórsdóttur hdl. hjá Logos lögmannsþjónustu f.h. Rannveigar Rist, forstjóra Alcan á Íslandi hf., með bréfi dags. 17. október 2007. Kærinni fylgir ljósrit af framangreindri umfjöllun, auk frekari gagna af sömu vefsíðu. Siðanefnd Blaðamannafélagsins fjallaði um málið á fundum þann 31. október og 5. og 20. nóvember 2007.

**Málavextir:**

Að sögn lögmanns kæranda birti kærði hinn 12. febrúar 2007 á vefsíðu sinni eftirfarandi umfjöllun undir nafninu „þýska stálið“: „Stundum get ég verið hamingjusamur. Og bersýnileg eiturfjaneysla Rannveigar Rist, álfrúarinnar, gleður mig óendanlega mikið. Eða ég gef mér að hún sé undir áhrifum hennar vegna því annars daðrar

hún líklega við að vera þroskaheft.“ Undir sömu færslu er að finna mynd af kæranda skera sneið af tertu. Í myndatexta segir orðrött: „Álfrúin sker sér sneið af contalgen tertu.“

Kærandi telur ofangreinda umfjöllun brjóta gegn 2. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands, en þar segir: „Blaðmanni er ljós persónuleg ábyrgð á öllu sem hann skrifar. Hann hefur í huga að almennt er lítið á hann

í blogg færslu sem tengd var inn á frétt á vefsíðunni mbl.is.

Siðanefnd fellst ekki á þá röksemd kæranda að annað eigi við um birtingu á netinu en í hefðbundnum fjölmiðlum, enda eru flestir fjölmiðlar einnig aðgengilegir þar lengi eftir fyrstu birtingu. Hefðbundinn kærufrestur eigi því við um þetta mál.

Af þessu tilefni vill siðanefnd þó taka eftirfarandi fram: Framangreind kærð ummæli fela í sér dómgreindarskort. Hins vegar telur siðanefndin að ummælin séu sett fram sem persónuleg skoðun eða tjáning kærða sem hann eigi lögverndaðan rétt til en beri einnig ábyrgð á. Verði hann að svara fyrir þau eftir atvikum, án þess að þau tengist beint störfum hans sem blaðamanns. Fjölmiðlar hljóti að hafa reglur sem taki á málum sem þessum, enda fer illa saman að skrifa hlutlægar fréttir á daginn um menn og málefni sem sami blaðamaður bloggar frjállega um á kvöldin á netinu.



sem blaðmann þó að hann komi fram utan síns eiginlega starfssviðs, í riti eða ræðu“.

Í kærinni kemur fram að hið kærða efni birtist fyrst á umræddri bloggsíðu 12. febrúar 2007. Kæran er hins vegar dagsett 17. október. Miðað við fyrstu birtingu er kærufrestur því löngu útrunninn. Kærandi fór fram á undanþágu frá kærufresti enda hafi hann ekki vitað af umfjölluninni fyrr en 10. október. Þann dag var vísað til hennar

**Niðurstaða:**

Máli þessu er vísað frá.

Reykjavík, 20. nóvember 2007

Hjörtur Gíslason  
 Jóhannes Tómasson  
 Brynhildur Ólafsdóttir  
 Salvör Nordal  
 Sigurveig Jónsdóttir

# Bók um blaðamenn!


Út er komin á vegum Blaðamannafélags Íslands bókin *Íslenskir blaðamenn*. Hér er á ferðinni áhugaverð og fróðleg lesning þar sem starfandi blaðamenn fara yfir sögu og stöðu blaðamennskunnar á seinni hluta síðustu aldar og fram til dagsins í dag.

Tilvalin tækifærisgjöf og ómissandi í bókaskáp þeirra sem ekki fengu eintak í jólagjöf frá BÍ!

Bókina er hægt að fá í Pennanum/Eymundsson og hjá Blaðamannafélaginu

Bókin *Íslenskir blaðamenn* er að stofni til viðtalsbók við 10 landsþekktu og reynslumikla blaðamenn sem allir hafa átt stóran þátt í að móta íslenska fjölmiðlasögu. Í tilefni af 110 ára afmæli Blaðamannafélagsins var ráðist í að taka tali handhafa blaðamannaskirteina 1-10 og fá þá til að segja frá minnisstæðum samferðamönnum úr starfinu og deila reynslu sinni, þekkingu og sjónarmiðum varðandi starfsskilyrði og vinnubrögð og blaðamennsku og fjölmiðlaþróun almennt. Auk þessara áhugaverðu viðtala sem öll eru tekin af margreyndum blaðamönnum, er í bókinni ljósmyndakafli þar sem getur að líta sýnishorn af fréttaljósmyndum frá seinni hluta 19. aldar og fram til dagsins í dag. Bókinni fylgir síðan gagnlegt yfirlit yfir fjölmiðlasögu Íslands ásamt stiklum úr sögu Blaðamannafélags Íslands.

Þeir sem rætt er við í bókinni eru: Þorbjörn Guðmundsson, Atli Steinarsson, Sverrir Þórðarson, Elín Pálmadóttir, Matthías Johannessen, Gísli Sigurðsson, Jónas Kristjánsson, Friða Björnsdóttir, Bragi Guðmundsson og Gísli J. Ástþórsson.



## Sporhundur á Netinu – námskeið frá NJC

Norræni blaðamannaskólinn í Árósum, eða Nordisk Journalist Center (NJC), verður með námskeið í Reykjavík í febrúar ætlað íslenskum blaðamönnum og fleira áhugafólki um rannsóknarvinnu á netinu. Námskeiðið heitir „Sporhundur á Netinu“ og snýst um að þjálfa fólk í að greina og finna upplýsingar sem eru á Internetinu.

Meðal þess sem farið verður yfir á námskeiðinu er:

- \* hvernig leitarvélur virka
- \* áhrifaríkar leitaraðferðir á netinu
- \* hvernig búa má til sína eigin fréttaveitur með ress tengingum
- \* hvernig hægt er að sjá í gegnum blekkingar á Netinu

Fyrirlesarar verða de Lange Kofoed og Tord E. Nedrelid frá IJ í Noregi og svo Þorsteinn J. Vilhjálmsson.

Námskeiðið verður haldið í Háskólanum í Reykjavík en skráning fer fram í gegnum NJC hjá Steen K. Rasmussen í pósthfanginu: sr@update.dk



## Munið Styrktarsjóð BÍ

Styrktarsjóður var settur á laggirnar í kjölfar kjarasamninga Blaðamannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins snemma árs 2001. Reglugerð um starfsemi sjóðsins var samþykkt á aðalfundi félagsins þá um vorid og hafa starfsreglur á grundvelli reglugerðarinnar verið í mótun síðan þá, en með vexti sjóðsins hefur fjölgað þeim málefnum sem sjóðurinn hefur getað látið sig varða. Allir fullgildir félagsmenn í BÍ, sem greitt hafa í sjóðinn í sex mánuði, eiga aðild að sjóðnum. Eftirfarandi reglur eru í gildi í ársbyrjun 2006:

### Laun í veikindum:

Styrktarsjóður tryggir full laun allt að 400 þúsund kr. í eitt ár eftir að veikindi hefjast að frádregnum veikindarétti samkvæmt kjarasamningum.

### Fæðingarstyrkir og ættleiðing:

Veittir eru styrkir vegna fæðingar barns. Styrkirnir taka mið af lengd fæðingarorlofs og eru að lágmarki 105 þúsund kr. og að hámarki 210 þúsund kr. Viðbótarstyrkur er veittur vegna útgjalda við ættleiðingu barns.

### Krabbameinsskoðun:

Krabbameinsskoðanir eru greiddar að fullu.

### Hjartaskoðun:

Eftirlit vegna hjartasjúkdóma er greitt að fullu.

### Lækniskostnaður:

Greiddur er árlegur almennur lækniskostnaður vegna sjóðfélaga umfram 10 þúsund kr. á ári að 18 þúsund kr., en þá stofnast réttur til útgáfu afsláttarskírteinis frá Tryggingastofnun ríkisins.

### Sjúkraþjálfun og -nudd:

Sjóðurinn greiðir helming kostnaðar vegna sjúkraþjálfunar og sjúkranudds að hámarki 35 þúsund kr. á ári.

### Útfararstyrkir:

Sjóðurinn greiðir útfararstyrki vegna andláts félagsmanna. Frá ársbyrjun 2006 nemur styrkfjárhæð 350 þúsund kr.

### Endurhæfing:

Greiddur er helmingur kostnaðar vegna endurhæfingar hjá H-L stöðinni.

### Tæknifrjóvganir:

Greidd eru 50% kostnaðar vegna tæknifrjóvgana samkvæmt gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins.

### Lasermeðferð á augum:

Greiddur er 50 þús. kr. styrkur vegna aðgerðar á hvoru auga.

### Sálfræðikostnaður:

Greitt er allt að 50 þús. kr. á ári samkvæmt nánari reglum. Skilyrði að meðferðin sé að læknisráði og þarf að framvísa beiðni frá trúnaðar- eða heimilislækni um að viðkomandi hafi þurft á meðferðinni að halda. Greitt fyrir tíu skipti á hverjum tólf mánuðum að hámarki 5.000 kr. fyrir hvert skipti.

### Heilsuhæli:

Greiddur er vegna dvalar á viðurkenndum heilsuhælum innanlands allt að helmingur kostnaðar þó ekki meira en 50 þús. kr. á hverjum tólf mánuðum.

### Gleraugu og heyrnartæki:

Tekið er þátt í kostnaði vegna kaupa á sjónglerjum og heyrnartækjum sem nemur helmingi kostnaðar samkvæmt framlögðu frumriti reiknings allt að kr. 40 þúsund á 36 mánaða fresti.

### Göngumæling/Innlegg:

Greidd eru 75% kostnaðar, þó að hámarki 15 þús. kr. vegna göngumælingar og innleggja samkvæmt læknisráði. Sambærileg endurgreiðsla vegna annarra minniháttar hjálpartækja.

### Tannlæknakostnaður:

Greiddur er helmingur kostnaðar umfram 50 þúsund kr. að 300 þúsund kr. vegna tannlæknakostnaðar af heilsufarsástæðum. Styrkur getur þó aldrei orðið hærri en 125 þúsund kr.

### Mikil útgjöld vegna heilbrigðisþjónustu:

Ef um mikil útgjöld er að ræða vegna heilbrigðisþjónustu, sem ekki fellur undir neinn lið hér að ofan er hægt að sækja sérstaklega um styrk vegna þess til stjórnar sjóðsins. Umsókn skal studd gögnum og reikningum vegna útlagðs kostnaðar.

Almennt gildir að forsenda endurgreiðslu er framvísun fullgildra greiðslukvittana vegna útlagðs kostnaðar. Hvað almennan lækniskostnað varðar nægir ljósrit af útgefnu afsláttarskírteini sem staðfesting á því að kostnaður hafi náð 18 þúsund kr. Annars þarf að framvísa greiðslukvittunum. Um greiðslu fæðingarstyrkja gildir að leggja þarf fram gögn frá fæðingarorlofsjóði Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslur frá sjóðnum í fæðingarorlofi.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Blaðamannafélagsins, [www.press.is](http://www.press.is)